

**SKOÐUN** Gréta Gunnarsdóttir skrifar um ný þróunarmarkmið SÞ. 15



**MENNING** Gunnhildur Hrólfsdóttir skrifar bók um konurnar í Eyjum. 22



**LÍFIÐ** Götutískan á Þjóðhátíð eins og hún leggur sig á Instagram. 28



**SPORT** FH hefur ekki sigrað eitt af stóru liðunum síðan í fyrstu umferð. 32

FLUGFÉLAG FÓLKSINS
WOW air

# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
5. ágúst 2015
181. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl–júní 2014

**FRÉTTIR**



### Sundlaugin nauðsyn

Borgarstjóra þykir miður að íbúar í grennd við Klettaskóla séu ekki sáttir við uppbygginguna við skólann. Segir að reynt hafi verið að taka mið af þeim athugasemdum sem komu upp við breytt deiliskipulag. 2

**Lindex vinsælust** Sænska fatakeðjan Lindex er orðin sú fataverslun sem Íslendingar versla mest við og skýtur þannig H&M ref fyrir rass. 2



**Byltingarbátur** Össur Kristinsson, forstjóri Rafnars ehf. og stofnandi Össurar, hefur afhent Landhelgisgæslunni nýjan strandgæslubát. Báturinn er sagður byltingarkennd smíði, mjúkur í sjó og kemst á mikinn hraða. 8




14

**SÉRBLAÐ** Fólk




# Hjálparsími fyrir barnaníðinga

Rauði krossinn skoðar nú hvort hjálparsími, ætlaður þolendum, aðstandendum og gerendum kynferðisbrota gegn börnum, verði settur upp. Fyrirmyndin sótt til Bretlands. Sækja um styrk frá velferðarráðuneytinu.

**SAMFÉLAG** „Þjónustan sem yrði veitt gagnvart gerendum kynferðisofbeldis yrði í raun eftirmeðferð og þannig yrði haldið utan um hóp gerenda. Einnig yrði þjónustan veitt til þess að koma í veg fyrir afbrot,“ segir Björn Teitsson, upplýsingafulltrúi Rauða kross Íslands, um nýtt verkefni sem Rauði krossinn íhugar nú að taka upp.

Verkefnið sækir fyrirmynd sína í breska verkefnið Stopitnow og gengur út á það að vera með hjálparsíma fyrir þolendur, aðstandendur og gerendur kynferðisofbeldis gegn börnum.

Starfsmenn hjálparsíma Rauða krossins fóru á ráðstefnu síðastliðið vor til Surrey á Englandi til þess að kynna sér verkefnið. Stopitnow-hjálparsíminn hefur verið rekinn frá árinu 2002, bæði á Bretlandi og Írlandi.

Að sögn Björns er verkefnið á viðræðustigi og er útfærsla hjálparsímans enn óljós. Enn hafi ekki verið tekin ákvörðun um hvort verkefnið verði að veruleika.

„Þetta verkefni hangir nú á því hvort fjármagn fáist. Það er búið að sækja um styrk frá velferðarráðuneytinu og er það mál í ferli núna,“ segir Björn.

Björn telur að verkefnið gæti komið til með að aðstoða þá sem hugsa um að fremja kynferðisbrot eða hjálpað þeim sem hafa framið kynferðisbrot, en vilja ekki brjóta af sér aftur.

Anna Kristín Newton, sálfræðingur hjá Fangelsismálastofnun, er bjartsýn á að verkefnið muni koma til með að hjálpa einhverjum.

- ngy / sjá síðu 4



**Markmiðið er að veita sálrænan stuðning og ráðgjöf til þolenda og gerenda kynferðisofbeldis.**

*Björn Teitsson, upplýsingafulltrúi Rauða kross Íslands.*



**MÁLUÐU REGNBOGA** Vilhjálmur Ingi Vilhjálmsson, stjórnarmaður Hinsegin daga, Gunnlaugur Bragi Björnsson gjaldkeri, Eva María Þórarinsdóttir Lange, formaður Hinsegin daga, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, Jón Kjartan Ágústsson varaformaður og Ásta Kristín Benediktsdóttir, ritari og formaður göngustjórnar, máluðu regnboga á Skólavörðustíg þegar Hinsegin dagar voru settir í gær. Sjá síðu 26 FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




Gagnrýnir að skyldubúnaður sé ekki seldur með nýjum reiðhjólum:

# Fjórtán prósent reiðhjóla lögleg

**SAMGÖNGUR** Einungis fjórtán prósent reiðhjóla sem seld eru hér á landi eru með skyldubúnað áfastan samkvæmt úttekt Brautarinnar, bindindisfélags ökumanna.

„Þetta er alveg skelfilegt. Að fara í reiðhjólaverslun og geta ekki treyst því að þú fáir löglegt reiðhjól, það finnst mér óhugnanlegt,“ segir Einar Guðmundsson, formaður Brautarinnar.

„Kannski eru reiðhjólasalar að reyna að græða á aukabúnaði og segja fólki að kaupa hitt og þetta svo hjólið sé löglegt? Ég veit ekki hvort það er rétt, en maður spyr sig,“ segir Einar.

Árni Davíðsson, formaður umsagnarnefndar Landssamtaka hjólreiðamanna, segir að Samgöngustofa ætti frekar að vinna að vinna í því að vekja athygli hjólreiðamanna á öryggisbúnaðinum í stað þess að segja hvernig ný hjól eigi að vera útbúin. „Ég held það ætti frekar að vinna þetta með fræðslu en að skylda að selja öll hjól með búnaði,“ segir Árni.

David C. Vokes, vörustjóri Húsasmiðjunnar segist ekki skilja hvernig niðurstöður úttektarinnar hafi fengist þar sem öll hjól sem Húsasmiðjan hafi flutt inn hafi verið samkvæmt reglugerðum. - þea / sjá síðu 6



**ÓLÖGLEG HJÓL** Einar Guðmundsson, formaður Brautarinnar, hefur áhyggjur af ólöglegum hjólum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



## VEÐUR



Norðaustan 8-15 m/s í dag, miðvikudag, hvassast SA-lands austan Öræfa og V-lands. Dregur smám saman úr vindi. Rigning A-til, en skýjað og úrkomulítið V-til. Hiti 8 til 18 stig, hlýjast SV- og S-lands.

SJÁ SÍÐU 20

Lindex hefur sótt á undanfarið og er nú með stærsta viðskiptavinahópinn á íslenskum fatamarkaði:

# Lindex-fatakeðjan orðin vinsælli en H&M

**VIÐSKIPTI** Tveir sænskir risar hafa keppst um að klæða Íslendinga síðustu ár og hvorugur þeirra selur kjötbollur. Þeir selja ekki einu sinni Billy-hillur. Sænska fatakeðjan Lindex er orðin sú fataverslun sem flestir Íslendingar versla við ef marka má nýja rannsókn meðal notenda Meniga.

Kristín Hrefna Halldórsdóttir, viðskiptastjóri hjá Meniga, segir um talsverð tíðindi að ræða þar sem H&M hafi hingað til verið sú fataverslun sem hafi haft stærsta viðskiptavinahópinn.

Frá apríl og fram í júní versluðu 34 prósent úrtaks Meniga hjá Lindex einu sinni eða oftar. H&M var næstvinsælasta verslunin en hana heimsóttu 25 prósent úrtaksins. Rannsóknin náði til 18 þúsund manns.

„H&M hefur í mjög langan tíma haft stærsta viðskiptavinahópinn á íslenskum fatamarkaði án þess að hafa greitt krónu í fastan kostnað, skatta eða önnur gjöld hér á landi," bendir Kristín á. Í Meniga-hagkerfinu telja þau hversu margir versla einu sinni eða oftar hjá verslununum á mánuði. Mæling sem gefur að sögn Kristínar góða mynd af því hversu stór viðskiptavinahópurinn er hjá þeim verslunum sem Meniga-notendur versla við.

Kristín segir Lindex hafa vaxið ótrúlega hratt frá því að verslunin var opnuð í árslok 2011, en nú hafa fimm Lindex-verslanir verið opnaðar hér á landi. - ih




**LINDEX** Fimm Lindex-verslanir eru nú á Íslandi.



**KRAFTAVERK AÐ ENGINN SLASAÐIST** Alls eyðilögðust sex hús þegar kranarnir hrundu yfir hverfið. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Mildi þótti að enginn slasaðist þegar tveir kranar hrundu:

## Gereyðilögðu fjögur íbúðarhús

**HOLLAND Borgarstjóri Alphen við Rín sagði að það væri kraftaverk að enginn hefði slasast þegar tveir byggingakranar hrundu í borginni í fyrradag.**

**Kranarnir, sem notaðir voru við viðgerðir á brú í borginni, féllu á hliðina þegar verið var að hífa upp burðarbita og eyðilögðu fjögur íbúðarhús og tvær verslanir.**

**Björgunarsveitir leituðu í húsarústunum en mildi þykir að enginn meiddist.** - srs

Ferðamannastaðir í hættu:

## Hægðir valda usla í Noregi

**NOREGUR** Vinsælasti ferðamannastaður Noregs, Predikunarstóllinn, sem er gríðarstór klettur í botni Lýsufjarðar í Vestur-Noregi hefur átt undir högg að sækja í sumar.

Kletturinn laðar að sér fjölda ferðamanna ár hvert en afar algengt er að ferðamenn gangi örna sinna í næsta nágrenni við klettinn og veldur sú hegðun starfsmönnum á svæðinu og öðrum ferðamönnum miklum ama.

Um 300 þúsund ferðamenn heimsækja klettinn árlega og engin almenningssalerni eru á svæðinu. - srs

Neyðarmóttakan sagði frá:

## Þrjár nauðganir á Þjóðhátíð í ár

**LÖGREGLUMÁL** Þrjár konur hafa leitað til neyðarmóttöku nauðgana í Fossvogi vegna nauðgana um verslunarmannahelgina. Allar áttu þær sér stað á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum.

Frá árinu 2000 hafa að meðaltali 5,5 manns leitað aðstoðar Neyðarmóttöku vegna kynferðisbrota á útihátíðum og bæjarhátíðum. Árið 2001 skekkir niðurstöðuna en þá varð algjör sprenging tilkynninga, eða 21 nauðgun. Rekja má margar þeirra til Eldborgarhátíðarinnar alræmdu.

Lögregla í Vestmannaeyjum gaf út tilkynningu þess efnis að hátíðin hefði farið vel fram. - snæ

# Segir sundlaug fyrir fötluð börn nauðsyn

Borgarstjóra þykir miður að íbúar í grennd við Klettaskóla séu ekki sáttir við uppbyggingu við skólann. Hann segir að reynt hafi verið að taka mið af þeim athugasemdum sem komu upp við breytt deiliskipulag. Uppbyggingin hafi verið tímabær.

**REYKJAVÍK** Borgarstjóri segir uppbyggingu við Klettaskóla, áður Öskjuhlíðarskóla, löngu tímabæra. Gamla húsnæðið endurspegli ekki nýjar áherslur í uppeldi og menntun fatlaðra barna.

Í blaði gærdagsins sagði íbúi í næsta nágrenni við Klettaskóla frá óánægju sinni og annarra íbúa í hverfinu með uppbygginguna við skólann. Hún segir samráð við íbúa hverfisins hafa verið í algjöru lágmarki. Þá hafi verið byrjað að sprengja fyrir grunni byggingarinnar þann 21. júlí síðastliðinn og að nú þegar hafi myndast margar sprungur í hús hennar.



**DAGUR B. EGGERTSSON**

„Það var reynt að taka mið eins og hægt var af þeirri gagnrýni sem við fengum en okkur er alveg ljóst að það eru ekki allir á eitt sáttir," segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri.

„Það hefur staðið til áratugum saman að byggja við Klettaskóla vegna þess að viðhorfin og sjónarmiðin til kennslu og uppeldis fatlaðra barna eru gjörbreytt. Þarna er verið að fara í betrumbætur á aðbúnaðinum, verið að tryggja að það sé íþróttaaðstaða og sundaðstaða innan seilingar."

Byggja á fullbúið íþróttahús og tvær innisundlaugar fyrir börnin. Þá á að bæta við félagsaðstöðu barnanna. „Það er mjög mikið mál fyrir fjölfötluð börn að fara úr húsi og vera keyrð annað í þann hluta skólastarfsins. Eftir talsvert mikla yfirlegu var þessu komið fyrir þarna á lóðinni með viðbyggingum," segir Dagur.

Hann segir miður að íbúar í kring upplifi að borgin hafi ekki átt í nægu samráði við þá varðandi framkvæmdina. „Auðvitað veldur þetta ónæði á verktímanum, en það er mikilvægt að standa eins vel og hægt er að því. Það er búið að fara vel í gegnum það með foreldrum og aðstandendum en mér þykir mjög miður ef það hefur ekki gengið eins vel gagnvart íbúunum."

snaeros@frettabladid.is



**SPRENGINGAR** Mikið ónæði er af jarðvegsvinnunni sem nú fer fram við Klettaskóla. Verktakar hafa ekki staðið við umsaminn fjölda sprenginga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

### Aðstaðan óboðleg fötluðum börnum

„Aðstaðan er alls ekki boðleg. Það er ekki íþróttasalur, það er ekki sundlaug, það er ekki neitt þarna," segir Þórir Jónsson Hraundal, formaður Foreldrafélags Klettaskóla. Hann segir að uppbygging við Klettaskóla hafi verið orðin nauðsynleg fyrir löngu. „Það er ekki einu sinni samkomusalur fyrir börnin. Fötluðu börnin hafa þurft að fara í Fossvogskirkju fyrir samkomusal. Þetta er búið að vera vandamál í mörg, mörg ár."




Segja ræningjann hafa verið fagmann sem þekki vel til í Firðinum:

# Enginn handtekinn vegna ráns

**LÖGREGLUMÁL** Enginn hefur verið handtekinn í tengslum við skartgriparán í versluninni Úr og gull í verslunarmiðstöðinni Firðinum síðastliðinn sunnudag.

Ein húsleit hefur verið gerð en um milljónatuga króna tjón er að ræða.

Guðmundur Bjarni Harðarson, framkvæmdastjóri Fjarðarins, segir að um sé að ræða fagþjóf sem þekki vel til í Firðinum. Hann hafi farið inn í miðstöðina um neyðarinngang og svo haldið á brott á öðrum stað. Þá hafi hann haft vit á því hvað var verðmætast í búðinni og skilið óverðmætari hluti eftir.

Helgi Gunnarsson, rannsóknarlögreglumaður hjá lögreglunni í Hafnarfirði, segir að lögreglan hafi fengið nokkrar ábendingar en þær hafi ekki leitt til handtöku.

Þjófurinn braust inn í verslunarmiðstöðina um neyðarútgang klukkan hálf sjö á sunnudagsmorgun. Klukkutíma fyrr hafði lögreglu borist ábending frá vegfaranda á reiðhjóli sem varð til þess að öryggisvörður mætti á vettvang til að taka kerfið af Firðinum. Klukkutíma síðar lét ræninginn greipar sópa.

Ekki er talið að hjólreiðamaðurinn eigi hlut að málinu.

Ræninginn er karlmaður sem var klæddur í bláa Hummel-íþróttapeysu. Hann var með derhúfu og er skyggnið með íslensku fánalitunum. Eins var hann með bakpoka sem merktur var Hummel og HK. Þeir sem gætu varpað ljósi á ránið eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við lögreglu. - ktd, srs



**ÚR ÖRYGGISMYNDAVÉL** Maðurinn braust inn um klukkan hálf sjö á sunnudagsmorgun. MYND/SKJÁSKOT



**ÞAÐ VERÐMÆTASTA TEKIÐ** Ræninginn þekkti vel til en hann tók allt það verðmætasta. MYND/SKJÁSKOT




SMÁRALIND
Góða skemmtun

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM

**SPURNING DAGSINS**



Hulda, sprengir þetta skalann?

**„Já. Það hefur að minnsta kosti enginn brugðist við kvörtunum í hvelli.“**

Jarðvegsvinna við Klettaskóla í Reykjavík er hafin þrátt fyrir að kæra íbúa í hverfinu sé óafgreidd. Hulda Arnljótsdóttir, íbúi í hverfinu, segir að reglur um jarðvegssprengingar séu brotnar.

Formaður utanríkismálanefndar er ekki þeirrar skoðunar að Ísland eigi að hætta viðskiptaþvingunum:

# Engin formleg yfirlýsing borist frá Rússum

**UTANRÍKISMÁL** „Það er ekki mín afstaða að hverfa eigi frá þeirri stefnu sem mörkuð var á síðasta ári í þessum efnum,“ segir Birgir Ármannsson, formaður utanríkismálanefndar Alþingis.

„Fyrir það fyrsta er staðan sú að Ísland tók þá ákvörðun strax vorið 2014 þegar ríki, bæði innan Evrópu og í Norður-Ameríku, ákváðu að bregðast við innlimun Krímskaga og ágangi Rússa í Austur-Úkraínu með ákveðnum þvingunaraðgerðum. Þá var tekin sú ákvörðun að Ísland myndi eiga samleið með þeim ríkjum sem það gerðu og ég tel ekki að það séu komnar fram þær forsendur til að breyta þeirri ákvörðun,“ segir hann.



BIRGIR ÁRMANNSSON

Í gær sagði Medvedev, forsætisráðherra Rússlands, að til skoðunar væri að fjölga þeim ríkjum sem Rússland beitir viðskiptaþvingunum. Ísland hefur hingað til stutt viðskiptaþvinganir bandamanna sinna gagnvart Rússlandi.

Ásmundur Friðriksson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sagði í stöðuuppfærslu á Facebook á laugardaginn að Ísland ætti að hætta að styðja viðskiptaþvinganir gegn Rússum. Utanríkismálanefnd stefnir á að fjalla um málið á morgun.

Birgir segir að í sjálfu sér hafi engin formleg yfirlýsing eða skilaboð komið frá rússneskum stjórnvöldum til þeirra íslensku en engu að síður væru miklir hagsmunir í húfi. „Þarna er um að ræða mikla hagsmuni sem við þurfum að fylgjast með og til þess er einmitt fundur utanríkismálanefndar á fimmtudaginn hugsaður, við munum reyna að fá fram stöðuna hvað það varðar.“

Ekki náðist í Gunnar Braga Sveinsson utanríkisráðherra við vinnslu fréttarinnar en samkvæmt upplýsingum frá aðstoðarmanni hans er enn verið að leita svara í Moskvu og hjá rússneska sendiráðinu um hvort viðskiptaþvingunum verði beitt. - srs



**STANDARD & POOR'S** Ákvörðun um Grikkland veldur óvissu innan ESB. NORDICPHOTOS/GETTY

Stöðugleikamat lækkað:

## Horfur í ESB óstöðugar

**EFNAHAGSMÁL** Matsfyrirtækið Standard and Poor's hefur fært stöðugleikahorfur í Evrópusambandinu úr stöðugum í neikvæðar.

Þetta kemur fram í skýrslu fyrirtækisins sem kom út á mánudag.

Þetta þýðir að fyrirtækið geti einnig lækkað lánshæfismat ESB úr AA+ á næstu mánuðum.

Í rökstuðningi fyrirtækisins kemur fram að aukin áhætta hafi verið tekin í efnahagsmálum sambandsins eftir samkomulagið við Grikkland auk þess sem yfirvofandi þjóðaratkvæðagreiðsla um veru Bretlands í sambandinu teflir horfum í tvísýnu. - srs

Innflutningur frá Kína aukist:

## Loka álveri vestanhafs

**BANDARÍKIN** Century Aluminum Company, móðurfélag Norðuráls, mun loka álveri fyrirtækisins í Vestur-Virginíu. Engin framleiðsla hefur verið þar frá 2009. Ástæðan er sögð sú að ekki hafi tekist að semja um raforkukaup á samkeppnishæfu verði. Þá séu aðstæður á álmarkaði erfiðar, m.a. vegna aukins innflutnings á áli frá Kína. Century Aluminum Company bókfærir hjá sér 31 milljónar dollara tap vegna lokunarinnar, jafnvirði tæplega 4,2 milljarða króna. - ih

# Íhuga hjálparsíma fyrir gerendur kynferðisofbeldis

Rauði kross Íslands skoðar nú hvort nýr hjálparsími, ætlaður þolendum, aðstandendum og gerendum kynferðisbrota gegn börnum, verði settur upp. Fyrirmyndin er hjálparsími á Bretlandi og Írlandi.

**SAMFÉLAG** „Þjónustan sem yrði veitt gagnvart gerendum kynferðisofbeldis yrði í raun eftirmeðferð og þannig yrði haldið utan um hóp gerenda. Einnig yrði þjónustan veitt til þess að koma í veg fyrir afbrot,“ segir Björn Teitsson, upplýsingafulltrúi Rauða kross Íslands, um nýtt verkefni sem Rauði krossinn íhugar nú að taka upp.



BJÖRN TEITSSON FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Verkefnið sækir fyrirmynd sína í breska verkefnið Stopitnow og gengur út á það að vera með hjálparsíma fyrir þolendur, aðstandendur og gerendur kynferðisofbeldis gegn börnum.



ANNA KRISTÍN NEWTON FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Starfsmenn hjálparsíma Rauða krossins fóru á ráðstefnu síðastliðið vor til Surrey á Englandi til þess að kynna sér verkefnið. Stopitnow-hjálparsíminn hefur verið rekinn frá árinu 2002, bæði á Bretlandi og Írlandi.

„Markmiðið er að veita sálrænan stuðning og ráðgjöf til þolenda og gerenda kynferðisofbeldis. Auðvitað er þetta svolítið flókið vegna þess að það er tilkynningarskylda gagnvart barnavernd eða lögreglu ef einstaklingur segist hafa brotið gegn barni,“ segir Björn og bætir við að verkefnið gæti komið til með að aðstoða þá sem hugsa um að fremja kynferðisbrot eða hjálpað þeim sem hafa framið kynferðisbrot en vilja ekki brjóta af sér aftur.




**RAUÐI KROSS ÍSLANDS** Björn telur að það sé mikilvægt að til séu úrræði fyrir einstaklinga sem gætu brotið gegn barni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINO

Björn telur að það sé mikilvægt að til séu úrræði fyrir einstaklinga sem gætu brotið gegn barni.

Að sögn Björns er verkefnið á viðræðustigi og er útfærsla hjálparsímans enn óljós. Enn hafi ekki verið tekin ákvörðun um hvort verkefnið verði að veruleika. „Þetta verkefni hangir nú á því hvort fjármagn fáist. Það er búið að sækja um styrk frá velferðarráðuneytinu og er það mál í ferli núna,“ segir Björn sem ímyndar sér að ef verkefnið færi af stað á Íslandi væru það þjálfaðir sjálfboðaliðar og fagaðilar sem tækju á móti símtölunum.

„Þetta hefur haft góð áhrif annars staðar og við munum ekki skera okkur úr í því. Þetta fyrsta skref í átt að þessu verkefni er gott og ég bind vonir við að þetta komi til með að hjálpa einhverjum,“ segir Anna Kristín Newton, sálfræðingur hjá Fangelsismálastofnun.

„Varðandi tilkynningarskylduna, sem er rík ef brotið er gegn barni, þá þarf að átta sig á því að það er til fólk sem fær hugsanir um að brjóta kynferðislega á barni, en hefur ekki gert það. Það er þá hægt að aðstoða þá einstaklinga,“ segir Anna.

nadine@frettabladid.is




Ræða á launakjör starfsmanna álversins í Straumsvík hjá ríkissáttasemjara:

# Fresta kröfu um aukna verktöku

**KJARAMÁL** Forgangskrafa stjórnenda álversins í Straumsvík um aukna heimild til verktöku verður lögð til hliðar á meðan launakjör starfsmanna verða rædd. Þetta var ákveðið á fundi hjá Ríkissáttasemjara í gær. Boðað hefur verið til nýs fundar í dag.

Allt kapp er lagt á að afstýra verkfalli sem boðað er 1. september en stjórnendur álversins hafa skýrt frá því að verkfall jafngildi lokun álversins.

Á fundinum skýrði samninganefnd starfsmanna frá sinni framtíðarsýn og ítrekaði andstöðu sína við að auka við heimildir til verktöku. Niðurstaðan varð sú að forgangskrafa Rio Tinto Alcan um að auka við heimildir til verktöku verður lögð til hliðar á meðan samninganefndir fara yfir launaliði.

Starfsmenn álversins segja yfirvinnubann sem hófst fyrsta ágúst leiða í ljós hversu mikið hefur verið skorið niður í rekstri.

Fækkað hefur verið um fimmtíu stöðugildi á samningstímanum og með auknum heimildum til verktöku gætu um og yfir áttatíu störf verið í húfi að mati starfsmanna.

Þá hefur einnig verið gagnrýnt að fyrirtækið hafi sjálft áður farið fram á þröngar skorður um verktöku við gerð kjarasamninga. - kbg



**MÁLIN RÆDD** Samninganefnd starfsmanna álversins í Straumsvík fer yfir stöðuna í húsnæði ríkissáttasemjara. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# *„Þessi vél er hreint undur, enda margverðlaunuð og hefur verið valin vél ársins í heiminum 3 ár í röð“*

*-bílablaðamaður Fréttablaðsins um Ford EcoBoost vélina*




## NÝR FORD FOCUS

Ford Focus er Íslendingum kunnur fyrir framúrskarandi gæði, frábæra aksturseiginleika og hagkvæmni í rekstri. Nú er kominn nýr Ford Focus sem hefur verið endurhannaður bæði að innan og utan. Fjöðrunin er jafnframt ný, staðalbúnaðurinn mikill og hann er fáanlegur með margverðlaunuðu EcoBoost vélinni sem hefur verið valin vél ársins í heiminum 3 ár í röð.

Í bíladómi Fréttablaðsins um nýja Ford Focus eru aksturseiginleikar bílsins lofaðir í hásterkt og sagðir tróna hæst meðal samkeppnisbíla.

Niðurstaða dómsins er jafnframt einföld: „Ford Focus hefur lengi verið mjög góður bíll og góð kaup. Nú er hann bara orðinn enn þá betri og fæst samt á góðu verði“.

Upplifðu frábæra aksturseiginleika Ford Focus – mest selda bíl heims.

FORD **FOCUS**

FRÁ **3.290.000** KR.

Nú einnig fáanlegur sjálfskiptur

KOMDU OG PRÓFAÐU

Ford

20 ára afmæli Ford hjá Brimborg

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

ford.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

**Viltu vita meira um Ford Focus?** Nýja kynslóð Ford Focus státar af fjölmörgum tækninýjungum. Þar má nefna Torque Vectoring Control sem tryggir akstursánægju þína. Eins má nefna endurbætta Bílastæðaaðstoð (aukabúnaður) sem nú leggur bæði í stæði sem eru samhliða og þvert á akstursstefnu. Að auki er nú fáanlegt GPS leiðsögukerfi með Íslandskorti. Ford Focus er jafnframt eini bíllinn sem hefur hlotið fjögur öryggisverðlaun frá Euro NCAP. Nýi Ford Focus hlaut einnig titilinn „Besti bíllinn“ í flokki meðalstórra fjölskyldubíla eftir að hafa fengið fullt hús stiga í öryggis- og árekstraprófunum Euro NCAP. Focus er fáanlegur með Ford EcoBoost vélinni sem hefur hlotið titilinn vél ársins (International Engine of the Year) þrjú ár í röð.

Ford Focus 5 dyra/station, EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,7/4,8 l/100 km. $CO_2$ losun 108/110 g/km.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

**VEISTU SVARIÐ?**



**1.** Hverjum er óheimilt að skilja hér á landi, þótt hjónavígslan hafi farið fram hér?
**2.** Hvað féll í Grikklandi á mánudag?
**3.** Hvaða mannréttindasamtök hyggjast kjósa um lögleiðingu vændis á aðalþingi sínu í næstu viku?

**SVÖR:**
**1.** Samkynhneigðum erlendum hjónum, búsettum í útlöndum. **2.** Hlutabréfavísitalan. **3.** Amnesty International.



**KRÓKÓDÍLAHÖFUÐ** Líklegt þykir að dýrin hafi verið fláð og skinn þeirra nýtt í handtöskur og skó. NORDICPHOTOS/AFP

Ungmenni fundu höfuðin:

## Fundu sjötíu krókódílahöfuð

**ÁSTRALÍA** Lögreglan í Ástralíu rannsakar nú fund á hátt í sjötíu afskornum krókódílahöfðum í frystikistu í borginni Darwin nú um helgina. Um var að ræða krókódíla sem þrífast í saltvatni, en þeir eru friðaðir þar í landi.

Hópur ungmenna fann frystikistuna nálægt fjölfarinni verslunargötu og gerði lögreglu viðvart.

Líklegt þykir að dýrin hafi verið fláð og skinn þeirra nýtt í handtöskur og skó.

Sá sem fundinn verður sekur um verknaðinn á yfir höfði sér allt að fimm ára fangelsi. - ngy

# Einungis fjórtán prósent reiðhjóla eru seld lögleg

Brautin kannaði skyldubúnað á reiðhjólum í verslunum. Formaður umsagnarnefndar Landssamtaka hjólreiðamanna segir óþarft að selja hjól með búnaðinum. Vörustjóri Húsasmiðjunnar er ósammála úttekt Brautarinnar.

**SAMGÖNGUR** „Þetta er alveg skelfilegt. Að fara í reiðhjólaverslun og geta ekki treyst því að þú fáir löglegt reiðhjól, það finnst mér óhugnanlegt,“ segir Einar Guðmundsson, formaður Brautarinnar, bindindisfélags ökumanna. Brautin birti í gær úttekt á skyldubúnaði hjóla þar sem fram kemur að fjórtán prósent reiðhjóla í verslunum landsins eru seld með skyldubúnaði áföstum.

Einar spyr sig hvort reiðhjólasölumenn séu að reyna að græða á aukabúnaði. „Árið 2011 var ágætis staða. 71 prósent hjóla var selt með nauðsynlegum öryggisbúnaði áföstum. Nú er staðan hins vegar verri og menn pilla meira og meira af hjólunum þegar þau koma í búðir. Á sama tíma hefur reiðhjólasala aukist,“ segir Einar. „Kannski eru reiðhjólasalar að reyna að græða á aukabúnaði og segja fólki að kaupa hitt og þetta svo hjólið sé löglegt? Ég veit ekki hvort það er rétt, en maður spyr sig.“

Búnaðurinn sem um ræðir er bjalla, glitmerki að framan, aftan, á teinum og fótstigum, fram- og afturbremsur og keðjuhlíf. Einar segir áberandi hve mörg hjól eru seld án bjöllu.

Í reglugerðinni er einnig gert ráð fyrir lás en þar sem ný reglugerð um hjól er í smíðum tók Brautin lása ekki með í úttektinni. Reglugerðin sem nú er í gildi er frá árinu 1994.

„Í nýju reglugerðinni mun koma skýrt fram að ef þú ætlar að nota reiðhjól í umferð þarftu að hafa þennan búnað, eins og drögin eru núna,“ segir Einar.

„Geturðu ímyndað þér að kaupa þér nýjan bíl, en þurfa að kaupa bremsurnar sér? Það væri svolítið sérstakt,“ bætir hann við.

Árni Davíðsson, formaður umsagnarnefndar Landssamtaka hjólreiðamanna, segir óþarft að setja verslunum reglur um hvernig eigi að selja hjólin.



**ÖRUGG** Vonandi er þetta hjólreiðafólk með réttan búnað á hjólum sínum FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Hjól í Evrópu eru ekki seld með öllum öryggisbúnaði, það er ekkert sem segir að þess þurfi. Þó er reglugerð sem segir hvernig hjólin eiga að vera útbúin,“ segir Árni. Hann bætir því við að honum finnist að Samgöngustofa ætti að vinna í því að vekja þess í stað athygli hjólreiðamanna á öryggisbúnaðinum. „Ég held það ætti frekar að vinna þetta með fræðslu en að skylda að selja öll hjól með búnaði. Þá myndu þau sem kaupa dýrustu hjólin taka staðalbúnaðinn af og setja eitthvað annað og betra.“

„Við skiljum ekki hvernig þessar niðurstöður fengust,“ segir David C. Vokes, vörustjóri Húsasmiðjunnar. „Í fyrra kíkti ég á þessar leiðbeiningar og flutti inn hjól, þá var skylda frá framleiðendum að setja bjöllu á öll hjól. Við erum líka með glitmerki á réttum stöðum og keðjuhlífar, þó eru ekki öll hjól með hlíf alla leið aftur með keðjunni, enda er það óþarfi“ segir hann. thorgnyr@frettabladid.is



„Þetta er alveg skelfilegt. Að fara í reiðhjólaverslun og geta ekki treyst því að þú fáir löglegt reiðhjól.

*Einar Guðmundsson, formaður Brautarinnar.*



„Ég held það ætti frekar að vinna þetta með fræðslu en að skylda að selja öll hjól með búnaði.

*Árni Davíðsson, formaður umsagnarnefndar Landssamtaka hjólreiðamanna.*

## Hjálmanotkun minni í Vesturbænum

Brautin gerði úttekt á hjálmanotkun samhliða úttekt á nauðsynlegum búnaði. Í úttektinni kom fram að hjálmanotkun var almennt um áttatíu prósent. Þá vakti það athygli Brautarinnar að hjálmanotkun í miðbæ og vesturbæ Reykjavíkur var minni en annars staðar. Hjálmanotkun á þeim svæðum náði einungis 31 prósenti.

Samhliða könnuninni kannaði Brautin sýnileikafatnað en um þrjátíu prósent hjólreiðamanna voru í þess lags fatnaði. Auk þess voru mörg hjól án bjöllu.

„Það er slæmt að vera án bjöllu, hún er mjög mikilvæg. Sérstaklega þegar maður hjólar á sameiginlegum stígum með gangandi fólki. Það er alveg nauðsynlegt að láta gangandi vegfarendur vita ef þú kemur aftan að þeim. Þessi búnaður er vanmetinn,“ segir Einar Guðmundsson.





**Haustsigling um Eystrasaltið 24.-28. október með Princess Anastasia**



**STOKKHÓLMUR-TALLINN-ST. PÉTURSBORG-HELSINKI**

**Innifalið í verði er flug, flugvallaskattar, gisting í 4 nætur um borð í Princess Anastasia, morgunverður, kvöldverður, allar skoðunarferðir og íslenzk fararstjórn.**

Flogið til Stokkhólms og siglt þaðan til Tallinn,
St. Pétursborgar og Helsinki.
Flogið heim frá Stokkhólmi.
Gist í tveggja manna klefum með glugga
Innifalinn morgunverður og kvöldverður um borð
Skoðunarferð í hverri höfn
Skemmtistaðir, barir, kaffihús, fríhöfn og spilavíti um borð
Fararstjóri er Emil Örn Kristjánsson.

**Verð frá 159.500,-**

Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar
Borgartún 34, 105 Reykjavík, S: 511 1515 • outgoing@gjtravel.is • www.ferdir.is


Formaður Félags dagforeldra efast um að stéttin vilji vinna á leikskólum:

# Segir vegið að dagforeldrunum

**LEIKSKÓLAMÁL** „Eitt af því sem þarf að vinna í er að efla og auka framboð á leikskólakennurum,“ segir Svandís Svavarsdóttir alþingismaður Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs.

Fyrir nokkrum dögum kom út skýrsla starfshóps á vegum menntamálaráðuneytisins vegna þingsályktunar Svandísar um leikskóla að loknu fæðingarorlofi. Fréttablaðið greindi frá skýrslunni.

„Það þarf að draga fram allt það sem þarf að gera en ég held við getum öll verið sammála um að aðstaðan eins og hún er núna er ekki ásættanleg fyrir velferðarsamfélag, þannig að það er eitthvað sem við þurfum að horfast í augu við.“

Svandís segir að dagforeldrar geti gengið í störf á ungbarnaleikskólum en þó þurfi að efla samstarfið við háskólana til að hægt verði að auka framboð leikskólakennara.

„Ég bara skil ekki hvers vegna konan talar með þessum hætti, né hvað veldur því,“ segir Sigrún Edda Lövdal, formaður Félags dagforeldra.

Sigrún Edda segir að með þessu sé verið að leggja niður dagforeldrastéttina.

„Dagforeldrar hafa starfað í tugi ára og verið starfi sínu til mikils sóma. Og ég leyfi mér að stórefast um að dagforeldrar færi sig yfir á leikskóla þó það standi þeim til boða. Eins og hún talar, vill hún greinilega leggja þessa stétt niður og þetta er starfstétt sem samanstendur í miklum meirihluta af konum og það er mér óskiljanlegt af hverju konunni er svona mikið í mun að leggja niður þessa kvennastétt,“ segir Sigrún Edda.

Í þingsályktuninni sem Svandís flutti segir að algengt sé að leikskólar sveitarfélaganna veiti börnum ekki viðtöku fyrr en þau eru orðin 18–24 mánaða gömul. Foreldrar og forráðamenn ungbarna hafi því þurft að leita annarra leiða, sem oftast felast í því að vista börnin hjá dagmæðrum eða á einkareknum ungbarnaleikskólum. - sks, srs



**VANTAR ÚRRÆÐI** Algengt er að leikskólar sveitarfélaga veiti börnum ekki viðtöku fyrr en 18-24 mánaða gömlum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR**



**SIGRÚN EDDA LÖVDAL**



Fylgstu með á Facebook
– Lindex Iceland
#LindexIceland
Gildir á meðan birgðir endast.
IS A NEW
ADVENTURE
Back to Cool
Buxur,
Nú 2595,–
LINDEX



VEL BÚINN Össur Kristinsson, stofnandi Rafnars, afhendir Georg Kr. Lárussyni, forstjóra Landhelgisgæslunnar, Óðin, sem kemst á mikinn hraða auk þess að vera þægilegur á siglingu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Byltingarkenndur bátur fyrir gæsluna

**Rafnar ehf. afhenti Landhelgisgæslunni nýjan strandgæslubát. Framkvæmdastjóri Rafnars segir bátinn byltingarkennda smíði sem marki tímamót. Báturinn er mjúkur í sjó og kemst á mikinn hraða sem léttir Landhelgisgæslunni lífið.**

**LANDHELGI** Rafnar ehf. afhenti Landhelgisgæslunni nýjan tíu metra strandgæslubát, Óðin, í gær en framkvæmdastjóri Rafnars, Björn Jónsson, segir bátinn byltingarkennda smíði sem marki tímamót á þessu sviði.

Össur Kristinsson, stofnandi Rafnars og Össurar, útskýrði hönnun bátsins fyrir Fréttablaðinu. Hann segir í aðalatriðum tvenns konar bátsskrokka vera til. Annars vegar eru það rúmmálsbátar sem ryðja frá sér vatni þegar siglt er. Þegar þeir gera það myndast bógöldur sem siglt er inn í. Þá myndast sog sem tekur skutinn niður og þá þýðir ekkert að bæta við vélaraflið því skipið nær ekki meiri hraða.

Össur segir hina tegundina vera planandi báta, sem eru léttir og kraftmiklir og skauta á vatninu. Þeir bátar skella hins vegar á öldunum og þykja óþægilegir.

„Þessir bátar, sem við köllum OK Hull, eru í rauninni rúmmálsbátar sem eru á plani þegar þeir leggja af stað. Hins vegar myndast engin bógalda heldur myndast þrýstingur í vatni fyrir framan kjölinn sem er tekinn til baka fyrir aftan kjöl. Þessi bátur, sem er tíu metra rúmmálsbátur, ætti að ferðast á um tíu hnúta hraða en getur farið upp í fjörutíu og gæti enn meira ef hann hefði meira vélarafl,“ segir Össur, en tíu hnúta hraði er um tuttugu kílómetrar á klukkustund.

„Svo er nú annar stór kostur. Báturinn lyftir sér aldrei og lemur eins og planandi bátur heldur sker hann vatnið. Þægindin um borð í bátnum eru allt önnur en í planandi bát,“ bætir Össur við og segir: „Það er ansi mikil upplifun að fara út á þessum bát. Hann er bara ósköp mjúkur í sjó.“

„Báturinn eykur meðal annars stórlega möguleika Landhelgisgæslunnar til öryggis- og löggæslu á grunnslóð. Þá eru kostir bátsins miklir þegar kemur að æfingum með þyrluáhöfnum Landhelgisgæslunnar sem og varðskipum og öðrum björgunareiningum,“ segir Georg Kr. Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar. thorgnyr@frettabladid.is

## Óðinn vel búinn

TVÆR **250** hestafla vélar utanborðs

BÁTURINN FERÐAST HRATT, Á ALLT AÐ **75** kílómetra hraða á klukkustund, þar sem hann ferðast að mestu á plani ofan á vatninu en sker það nógu mikið svo hann skelli ekki á ölduna

- Byltingarkenndur kjölur sem sameinar kosti planandi báta og rúmmálsbáta
- Nýi kjölurinn gerir siglingar sem þægilegastar fyrir áhöfn því báturinn erfir þann eiginleika rúmmálsbáta að skera vatnið og skella ekki á öldum
- Hitamyndavél sem gerir áhöfn kleift að sjá menn eða báta úr mikilli fjarlægð
- „Side-scan“ sónar sem gerir áhöfn kleift að sjá undir yfirborð sjávar



**„Það er ansi mikil upplifun að fara út á þessum bát. Hann er bara ósköp mjúkur í sjó.**

*Össur Kristinsson, stofnandi Rafnars.*


Veldu framúrskarandi heimilistæki frá Bosch.
Gæði í hverju smáatriði



Opið virka daga frá kl. 11 - 18
Green Technology inside
BOSCH BÚÐIN
Hlíðasmára 3 • www.bosch.is
Sími 520 3090

GRØN BALANCE
Hafðu það grænt og njóttu lífsins
Grøn Balance fæst í Krónunni
KRÓNAN

NICOTINELL FRUIT
Ódýrasta Nicotinell lyfjatyggigúmmíið!




Nicotinell Fruit lyfjatyggigúmmí, inniheldur 2 eða 4 mg nikótín. Til meðferðar á tóbaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og það auðveldar þar með reykingarfólki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt, eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Ekki má nota Nicotinell Fruit ef þú reykir ekki eða ert með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefna lyfsins. Ráðlagður skammtur fer eftir því hversu háð/-ur þú ert reykingum. Þú skalt nota Nicotinell Fruit 4 mg ef þú ert með mikla nikótínþörf, reykir fleiri en 30 sígarettur/sólarhring eða ef þér hefur ekki tekist að hætta að reykja með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmís. Annars skaltu nota Nicotinell Fruit 2 mg ef reykt er minna en 20 sígarettur á sólarhring. Ef þú færð aukaverkanir við notkun stærri skammtsins skaltu íhuga minni skammt í staðinn. Tyggið hægt þar til finnst sterkt bragð, látið tyggigúmmíið hvíla á milli kinnar og tannholds, tyggið aftur þegar bragðið dofnar, endurtakið í um 30 mínútur. Ekki má kyngja lyfjatyggigúmmíinu. Í upphafi meðferðar skaltu venjulega nota eitt stk á 1-2 klst. fresti þegar þú finnur fyrir reykingaþörf. Venjuleg notkun er 8-12 stk í á sólarhring. Þú mátt ekki nota fleiri en 25 af 2 mg eða meira en 15 af 4 mg lyfjatyggigúmmí á sólarhring. Lengd meðferðar er einstaklingsbundin en varir yfirleitt í a.m.k. 3 mánuði, þá skal draga úr fjölda stk. smám saman. Meðferð skal hætt þegar neyslan er komin niður í 1-2 stk á sólarhring og er ekki mælt með notkun lengur en í 1 ár. Sumt reykingafólk gæti þó þurft lengri meðferð til þess að forðast að byrja aftur að reykja. Leitaðu faglegrar ráðgjafar hjá lækni eða lyfjafræðingi ef þú getur ekki hætt að nota lyfið eftir eitt ár eða ef þér tekst ekki að fækka fjölda reyktra sígaretta eftir 6 vikur. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er tilbúinn til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjafræðing áður en þú notar Nicotinell því ekki er víst þú megir nota lyfið ef þú: hefur fengið einhverja hjarta eða æðasjúkdóma, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil/nýrnahettur, ert með alvarlega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi, með magasár, gervitennur, barn á brjósti eða ert á meðgöngu. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ

# HALLÓ!

**OPNUM Í DAG KL. 09:00 Á LAUGAVEGI 3**

Mættu tímanlega og þú gætir fengið fría kleinuhringi eða kaffibolla, vikulega í heilt ár. Við hlökkum til að sjá þig.

DunkinDonutsISL

DUNKIN' DONUTS®

## SVONA ERUM VIÐ



**506** íslenskar konur bera nafnið Vigdís sem fyrsta nafn.

**32** íslenskir karlmenn eru á lífi sem heita Ólafur Ragnar.

Meirihluti skipverja á Skógafossi af erlendum uppruna. Skipið er nú statt í Argentínu við fraktflutninga:

# Kókaínsmyglið í Sundahöfn enn óupplýst

**LÖGREGLUMÁL** „Við vonum auðvitað að þetta séu ekki okkar menn sem voru að standa í þessu,“ segir Ólafur William Hand, upplýsingafulltrúi Eimskips. Í lok júní fundust tæp þrjú kíló af kókaíni í gámi í Sundahöfn sem komið hafði með skipi Eimskips, Skógafossi.

Skipverjar voru allir yfirheyrðir af lögreglu en enginn þeirra var úrskurðaður í gæsluvarðhald. Enginn hefur stöðu grunaðs manns sem stendur. Skipið er nú á siglingu og ætti að vera í Argentínu í dag.

Aðspurður hvort það sé ekki íþyngjandi fyrir skipverja að allir og enginn sé grunaður segir Ólafur: „Það hlýtur að vera íþyngjandi ef þú ert sekur. En ef þú ert saklaus get ég ekki ímyndað mér að það hafi nein áhrif á þig.“

Hann segir að mikill fjöldi fólks komi að skipinu og hafi aðgang að farmi þess í hverri höfn. „Það er rosalega erfitt að benda á áhafnarmeðlim nema þú sért með óyggjandi sannanir fyrir því. Það er ekki öfundsvert fyrir lögregluna að rannsaka mál sem er svona óljóst.“

Aldís B. Hilmarsdóttir, aðstoðaryfirlögregluþjónn í fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir að málið sé enn í rannsókn. Aðspurð hvort málið sé tengt stærra fíkniefnamáli eða hafi verið einangrað smygl segir Aldís: „Við erum ekki komin með af eða á varðandi það.“ - snæ



**SKIPIÐ SIGLIR** Ólafur William Hand segir skipverja saklausa uns sekt sé sönnuð. Skipið sigli áfram þar til upplýsingar berist frá lögreglu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mikið að gera hjá lögreglu:

## Þúsund ökumenn stöðvaðir

**LÖGREGLUMÁL** Rúmlega þúsund ökumenn voru stöðvaðir af lögregluembættinu á Suðurlandi í liðinni viku.

Um 434 mál voru bókuð í dagbók lögreglu en flest málanna komu upp um helgina.

Alls voru 128 ökumenn kærðir fyrir of hraðan akstur og 21 fyrir ölvunarakstur.

Þá voru ellefu ökumenn grunaðir um að aka undir áhrifum fíkniefna. - srs

Bæta þjónustu í Mosfellsbæ:

## Ný kortasjá tekin í notkun

**MOSFELLSBÆR** Mosfellsbær hefur tekið í notkun nýja kortasjá. Í kortasjánni eru aðgengilegar margvíslegar upplýsingar um fasteignir, umhverfi og veitur.

Í tilkynningu frá bænum segir að markmiðið með kortasjánni sé að bæta enn frekar þjónustuna við íbúa og aðra viðskiptavini.

Í kortasjánni eru aðgengilegar upplýsingar allan sólarhringinn, og einnig fylgir með ábendingakerfi ef íbúar hafa orðið varir við eitthvað í nærumhverfi sínu sem þarfnast lagfæringar eða skoðunar hjá starfsmönnum Mosfellsbæjar. - ngy

# Fréttamenn sakaðir um landráð vegna uppljóstrana

Stjórnendur fréttavefs eru ákærðir fyrir uppljóstrun um nýja neteftirlitsdeild þýsku leyniþjónustunnar. Saksóknarinn, sem segir pólitísk afskipti af embættinu ólíðandi, var rekinn af þýska dómsmálaráðherranum í gær.

**ÞÝSKALAND** Aðalsaksóknari þýska ríkisins, Harald Range, var í gær rekinn af Heiki Maas dómsmálaráðherra. Range hafði frábeðið sér öll afskipti stjórnmálamanna af málaferlum gegn fréttavefnum Netzpolitik.org, sem sérhæfir sig í umfjöllun um netfrelsi og hefur fengið verðlaun fyrir starfsemi sína. Saksóknaraembættið hefur ákært stjórnendur vefsins fyrir landráð. Uppsögn Range tók gildi strax í gær.

Í apríl síðastliðnum birti vefurinn upplýsingar úr leyniskjölum um starfsemi nýstofnaðrar deildar innan þýsku leyniþjónustunnar, en sú deild fær það hlutverk að sinna víðtæku eftirliti með netinu. Í kjölfarið kærði leyniþjónustan fréttavefinn fyrir landráð og saksóknarinn brást við með því að höfða mál á hendur stjórnendum síðunnar. Leyniskjölin, sem fréttavefurinn birti, hafi verið ríkisleyndarmál og birting þeirra varði því við lög um landráð.

Í Þýskalandi hefur verið efnt til mótmæla gegn ákærunni og áhrifamiklir þýskir stjórnmálamenn, þar á meðal bæði Angela Merkel kanslari og Heiko Maas dómsmálaráðherra, hafa komið fréttasíðunni til varnar.



> „Það er langt síðan gengið hefur verið jafn hart fram gegn blaðamönnum og heimildarmönnum þeirra hér í Þýskalandi.
>
> *André Meister, bloggari*

Maas sagðist efast um að skjölin innihéldu svo alvarleg leyndarmál að birting þeirra stofnaði öryggi landsins í hættu. Þá sagði hann ekki síður mikilvægt að koma fjölmiðlafrelsinu til varnar.

Á mánudag sagði talsmaður þýsku stjórnarinnar að dómsmálaráðherrann hefði í þessu máli fullan stuðning Merkel kanslara. Þá hefur Thomas de Maiziere innanríkisráðherra tekið undir með Maas og lýst efasemdum um réttmæti landráðaákærunnar.



**HARALD RANGE** Aðalsaksóknari Þýskalands kemur embætti sínu til varnar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Saksóknarinn fyrrverandi segir þessi afskipti stjórnmálamanna vera ólíðandi. Þeir séu að reyna að hafa áhrif á rannsókn málsins vegna þess að niðurstöðurnar gætu orðið óþægilegar. „Við látum ekki þagga niður í okkur,“ segir hins vegar Andre Meister, bloggari á Netzpolitik.org og einn af stofnendum fréttasíðunnar. Hann segist líta á ákæruna sem beina árás á fjölmiðlafrelsið: „Það er langt síðan gengið hefur verið jafn hart fram gegn blaðamönnum og heimildarmönnum þeirra hér í Þýskalandi.“

gudsteinn@frettabladid.is








**FÁTÆKT Í KASMÍR** Börnin leika sér. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Sameinuðu þjóðirnar ætla sér mikið á 15 árum:

## Vilja útrýma örbirgð

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR** Um helgina samþykktu aðildarríki drög að nýrri þróunaráætlun sem á að breyta heiminum til hins betra á fimmtán árum. Meðal annars er stefnt að því að útrýma allri örbirgð og draga verulega úr almennri fátækt í heiminum.

Drögin verða lögð fyrir leiðtogafund um sjálfbæra þróun, sem haldinn verður í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York dagana 25. til 27. september.

Alls eru þarna sett sautján meginmarkmið, sem meðal annars snúast um að draga úr fátækt, tryggja mataröryggi, efla heilbrigði, tryggja öllum menntun, koma á jafnrétti kynjanna og tryggja öllum aðgang að nægu vatni og orku, svo nokkur helstu markmiðin séu nefnd.

Þessi sautján nýju markmið eiga að taka við af þúsaldarmarkmiðunum átta, sem sett voru árið 2000 og snerust einnig um að draga úr fátækt, efla heilbrigði, jafna stöðu kynjanna og tryggja fleirum aðgang að vatni. Þau markmið hafa reyndar ekki náðst, enda búa 800 milljónir manna enn við örbirgð. - gb




ÚRVAL ÚTSÝN

# RÝMUM FYRIR NÝJUM FERÐUM

## Síðustu sætin í sumar á LÆKKUÐU verði

### ALMERÍA

Brottfarir: 11., 18., 25. ágúst og 1. sept.




★★★★ **NEPTUNO** 25. ÁGÚST – 1. SEPT.

Íbúð með einu svefnherbergi og hálfu fæði.

VERÐ FRÁ: **69.900 kr.**

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Fullt verð 95.300 kr.
Verð frá 97.900 kr. m.v. 2 fullorðna.
Fullt verð 115.900 kr.

### TENERIFE

Brottfarir: 12., 19. og 26. ágú. og 2. sept.




★★★ **PALM BEACH CLUB** 19.–26. ÁGÚST

Stúdíó.

VERÐ FRÁ: **79.800 kr.**

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Fullt verð 87.900 kr.
Verð frá 109.800 kr. m.v. 2 fullorðna.
Fullt verð 117.900 kr.

### TENERIFE

Brottfarir: 12., 19. og 26. ágú. og 2. sept.




★★★★ **MARYLANZA** 26. ÁGÚST – 2. SEPT.

Íbúð með einu svefnherbergi.

VERÐ FRÁ: **79.900 kr.**

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Fullt verð 86.600 kr.
Verð frá 115.900 kr. m.v. 2 fullorðna.
Fullt verð 120.200 kr.

### ALBIR, ALICANTE

Brottfarir: 14., 21., 25. og 28. ágúst




★★★★ **ALBIR PLAYA** 25. ÁGÚ.–2. SEPT.

Tvíbýli með morgunverði.

VERÐ FRÁ: **79.900 kr.**

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Fullt verð 99.900 kr.
Verð frá 97.600 kr. m.v. 2 fullorðna.
Fullt verð 110.600 kr.

### COSTA BRAVA

Brottfarir: 14., 21. og 29. ágúst




★★★ **TRIMAR APARTM.** 21.–29. ÁGÚST

Íbúð með 1 svefnherbergi.

VERÐ FRÁ: **87.900 kr.**

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Fullt verð 97.550 kr.
Verð frá 129.900 kr. m.v. 2 fullorðna.
Fullt verð 135.300 kr.

### COSTA BRAVA

Brottfarir: 14., 21. og 29. ágúst




★★★★ **OLYMPIC GARDEN** 28. ÁGÚ. – 5. SEPT.

Tvíbýli með hálfu fæði.

VERÐ FRÁ: **97.900 kr.**

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Fullt verð 97.550 kr.
Verð frá 129.900 kr. m.v. 2 fullorðna.
Fullt verð 135.300 kr.

Innifalið í verði hjá Úrvali Útsýn er flug, gisting, íslensk fararstjórn, flugvallaskattar, 20 kg ferðataska og handfarangur.

Úrval Útsýn | Hlíðasmára 19 | 201 Kópavogi | 585 4000 | uu.is




**UMDEILD AUGLÝSING** Þjóðernisflokkurinn Svíþjóðardemókratar kom upp borðum í lestarstöðinni Ostermalmstorg í Stokkhólmi sem beint er að ferðamönnum og á stendur: „Afsakið ófremdarástandið sem ríkir í Svíþjóð. Við eigum í miklum erfiðleikum með nauðungarbetlara. Alþjóðleg glæpasamtök græða á neyð annarra. Við erum Svíþjóðardemókratar. Velkomin aftur til betri Svíþjóðar árið 2018.“ Í gærkvöldi réðst fjöldi mótmælenda inn í lestarstöðina og reif auglýsingarnar niður. Ríkissaksóknari skoðar nú hvort ákæra eigi Svíþjóðardemókrata fyrir hatursorðræðu. NORDICPHOTOS/AFP

# ÁSTAND HEIMSINS







**ÞORSTA SVALAÐ Á FLÓÐASVÆÐI** Íbúi á flóðasvæði í Nowashera-héraði í Norður-Pakistan drekkur vatn úr handknúinni vatnsdælu. Minnst 116 hafa látist í monsúnflóðum í Pakistan í ár en um 850 þúsund manns hafa orðið fyrir barðinu á flóðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**COSMOS KLAPPAÐ** Vinir og ættingjar hins myrta ljósmyndara Rubens Espinosa klappa hundi hans, Cosmos, í jarðarför Espinosa í Mexíkóborg. Ljósmyndarinn fannst látinn í skurði ásamt fjórum konum og öll höfðu þau verið pyntuð og skotin í höfuðið. Espinosa flúði heimahérað sitt, Veracruz, fyrir tveimur mánuðum þar sem hann óttaðist um öryggi sitt. Vaxandi gremja er meðal fjölmiðlafólks í Mexíkó vegna vanmáttar stjórnvalda til að vernda blaðamenn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**BÍÐA EFTIR MAT** Flóttamenn bíða í röð eftir matargjöf í flóttamannabúðunum í Calais í Norður-Frakklandi. Mörg þúsund flóttamenn hafa reynt að klifra yfir girðingar við Ermarsundsgöngin til að komast í báta og vörubíla á leið til Bretlands. Evrópusambandið hefur boðið aukið fé til að aðstoða Frakka vegna fjölgunar flóttamanna á svæðinu. NORDICPHOTOS/AFP




**BARIST VIÐ SKÓGARELDA** Slökkviliðsmaðurinn Joe Darr sprautar á skógarelda nálægt þjóðvegi 20 nærri Clearlake í Kaliforníu. Mörg þúsund slökkviliðsmenn vinna að því að slökkva skógarelda á þurrkasvæðum í Kaliforníu. Auk þess hafa íbúðarbyggðir á stóru svæði verið rýmdar og vegum lokað. NORDICPHOTOS/AFP

# ÚTSALAN ER HAFIN




Sendum frítt
lindesign.is

Lín DESIGN

Lín Design Laugavegi 176 • Glerártorgi Akureyri • Sími 533 2220 • www.lindesign.is

# SKOÐUN

## Sníðum hnökrana af

Hinsegin dagar, menningar- og mannréttindahátíð Hinsegin fólks á Íslandi, hófust í gær. Hátíðin, sem nær hápunkti sínum með Gleðigöngunni á laugardag, hefur þróast úr því að vera tiltölulega fámenn kröfuganga í eina stærstu útihátíð landsins. Þessi árlegi laugardagur, þar sem þúsundir safnast saman, fylgjast með eða ganga til stuðnings réttindum hinsegin fólks, er einn þeirra daga þar sem innilega er hægt að vera stoltur af því að tilheyra íslensku samfélagi. Samfélagi umburðarlyndis, jafnréttis og ástar.

Íslenskt samfélag hefur þó ekki ávallt getað státað af þessum titlum. Leiðin þangað er vörðuð þöggun, einelti, ofbeldi og skömm. Á stuttum tíma hefur mikill árangur náðst þar sem viðhorfi almennings gagnvart samkynhneigð og því að vera öðruvísi en normið hefur að mestu verið snúið við og fordómar eru undantekning frekar en regla. Auk þess hefur löggjafinn tekið við sér og hér á landi er lagalegt jafnrétti með því mesta sem fyrirfinnst.



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Eva María Þórarinsdóttir, formaður Hinsegin daga, segir að áhersla hátíðarinnar í ár sé fræðsla. „Við verðum með fræðslufundi um málefni sem vilja oft gleymast eða hafa ekki enn komist upp á yfirborðið," sagði Eva í samtali við Fréttablaðið í gær. Hún segir skipuleggjendur hafa velt því fyrir sér hvers vegna enn þá sé verið að halda þessar hátíðir. „Það hefur orðið svo mikil þróun hér á landi og við erum komin með þannig séð öll réttindi sem við höfum verið að berjast fyrir."

Í sama blaði var sagt frá því að samkynhneigð hjón frá Rússlandi og Lettlandi fá ekki skilnað hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu því lagaheimild fyrir því skorti. Hjónin giftu sig hér á landi árið 2011 og fá ekki heldur skilnað í heimalöndum sínum þar sem hjónabönd samkynhneigðra eru ekki viðurkennd þar.

Lára V. Júlíusdóttir, lögmaður hjónanna, segist hafa vakið athygli stjórnvalda á málinu en talað fyrir daufum eyrum. „Einhvern veginn yppa allir öxlum," segir Lára, sem hefur skrifað bæði Alþingi og innanríkisráðuneytinu bréf, auk þess sem hún hefur hitt ráðherra sérstaklega vegna málsins. Samkvæmt lögum þarf annar aðili í hjónabandi að hafa verið búsettur hér á landi í minnst tvö ár séu báðir aðilar erlendir ríkisborgarar til þess að fá skilnað samþykktan. Hugsað hafi verið fyrir þessu í lögum um staðfesta samvist en ekkert sambærilegt ákvæði hafi komið við lagabreytinguna um að samkynhneigðir gætu gift sig. Lára bendir á að fólk eigi rétt á að fá að gifta sig samkvæmt Mannréttindasáttmála Evrópu og ætti því að fá að skilja.

Það er fagnaðarefni hversu framarlega Íslendingar standa þegar kemur að réttindum samkynhneigðra. Í alþjóðlegu samhengi eru það forréttindi að búa í landi þar sem skipuleggjendur Hinsegin daga þurfa raunverulega að velta því fyrir sér hvort nauðsynlegt sé að halda áfram með hátíðina í ljósi bættrar stöðu. En eins og dæmið hér að framan sýnir eru enn verkefni sem blasa við. Stjórnvöld eiga ekki að yppa öxlum þegar kemur að framfaraskrefum í réttindamálum minnihlutahópa. Samfélag sem hefur náð svo langt sem raun ber vitni ætti að leggja sig allt fram við að bera af og laga alla þá hnökra sem upp koma. Fræðslan sem samtökin bjóða upp á þessa vikuna í tengslum við hátíðina er mikilvæg og brýnt að sem flestir hlusti og fræðist. Slagirnir, sem lítið ber á, gleymast eða komast ekki upp á yfirborðið en eru ekki síður mikilvægir en þeir sem nú þegar hafa unnist.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@365.is,* Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is,* Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Þingflokkur án fylgis

Greint var frá því í gær að samkvæmt nýjustu skoðanakönnun MMR mælist fylgi Bjartrar framtíðar á landsvísu undir fimm prósentum. Yrði það niðurstaða kosninga þá fengi flokkurinn ekki kjörinn mann á Alþingi. Það er raunar sambærileg niðurstaða og í könnun Fréttablaðsins fyrr í sumar. Það er svo líklegast ekki til að bæta stöðu flokksins að guðmóðir hans, Heiða Kristín Helgadóttir, lýsti því yfir samdægurs að hún muni ekki taka þingsæti flokksins í fjarveru Bjartar Ólafsdóttur.

### Formaður með fortíð

Stærsti flokkurinn mælist nú, líkt og lungann úr þessu ári, Pírataflokkurinn. Píratar og Björt framtíð eiga það sameiginlegt að þeir buðu fram í fyrsta skipti árið 2013. Ástæðan fyrir ólíkri þróun fylgis er ekki augljós. Þó hefur verið bent á að kjósendur séu hugsanlega þreyttir á þeim valkostum sem boðist hafa undanfarin ár og vilja eitthvað nýtt. Og þá er líklegast ekki sannfærandi að formaður nýs stjórnmálaafls hafi átt viðkomu í öðrum tveimur rótgrónum stjórnmálaflokkum á ferli sínum. Líkt og Guðmundur Steingrímsson sem starfaði með Samfylkingunni og Framsóknarflokknum áður en hann stofnaði Bjarta framtíð.



### Án auglýsingar

Að allt öðru. Fréttavefurinn Kjarninn greindi frá því í gær að Baldvin Þór Bergsson hafi verið ráðinn einn umsjónarmanna Kastljóss. Baldvin hefur reynslu af fjölmiðlastörfum og mun vafalítið reynast liðsstyrkur fyrir ritstjórnina. Að því sögðu þá má kannski velta fyrir sér hversu eðlilegt ráðningarferlið var hjá þessari stofnun sem þiggur rekstrarfé úr vasa skattgreiðenda. Ráðningin var nefnilega án auglýsingar. Og þá er spurning hvernig fréttamenn þar á bæ ætla að bregðast við í framtíðinni þegar aðrar stofnanir, sem eru kostaðar af almannafé, ráða í störf án auglýsinga. Eru þeir færir um að fjalla um slíkt?



jonhakon@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Faglegri umfjöllun óskast!

ÆSKULÝÐSMÁL



Helga Ingólfsdóttir
bæjarfulltrúi í Hafnarfjarðarbæ

Tilefni skrifa minna hér í þetta blað nú um hásumar þegar sólin skín er að bregðast við skrifum Árna Guðmundsonar um æskulýðsmál í Hafnarfirði. Tilefni skrifa Árna virðist eingöngu vera að gagnrýna þá breytingu að um mitt ár var ákveðið að færa yfirstjórn félagsmiðstöðva og frístundaheimila frá fjölskyldusviði til fræðslusviðs í samræmi við tillögur rekstrarráðgjafa um einfaldari og skilvirkari stjórnsýslu hjá Hafnarfjarðarbæ. Þessi skipulagsbreyting er þannig til komin að betur sé hægt að sinna þessum málaflokki og bæta þjónustu við börn og ungmenni í frítíma þeirra, það er kjarni málsins.

Samhljómur er með þessari breytingu og tillögum starfshóps sem skipaður er fulltrúum allra flokka í bæjarstjórn ásamt starfsmönnum, en starfshópurinn hóf störf í lok síðasta árs og skilaði af sér tillögum varðandi breytingar á rekstri frístundaheimila á vormánuðum sem kynntar voru á opnum fundi í Lækjarskóla.

Tillögur starfshópsins, sem undirrituð hefur veitt formennsku, snúa fyrst og fremst að því að efla faglegt starf frístundaheimila og leita leiða til þess að samþætta og stytta vinnutíma barna og í því skyni hefur verið leitað eftir samstarfi við íþrótta- og frístundafélögin í bænum og þeim gefinn kostur á að reka frístundaheimili samkvæmt þjónustusamningi. Enn fremur var það tillaga starfshóps að gefa skólastjórnendum kost á að reka frístundaheimili og þannig hugsanlega ná að samþætta skólastarf og starfsemi frístundaheimila betur en verið hefur undanfarin ár, enda ljóst að töluverðir agnúar hafa verið á því fyrirkomulagi sem unnið hefur verið eftir undanfarin ár.

Árna virðist ekki hugnast að yfirstjórn frístundamála verði staðsett á fræðslusviði en færir engin rök fyrir þeirri skoðun sinni og setur í grein sinni gæsalappir á starfsheiti fagstjóra frístundamála, sem má túlka á þann hátt að hann gefi ekki mikið fyrir þann titil sem vekur furðu mína í ljósi reynslu hans af æskulýðsmálum almennt.

Fagstjóri frístundaheimila mun hafa yfirumsjón með faglegu starfi frístundaheimila í samræmi við samþykktir bæjarins og enn fremur vinna að áframhaldandi þróun. Það má nefna að þetta er svipað fyrirkomulag og er hjá Reykjavíkurborg þar sem frístundaheimili eru staðsett á skóla- og frístundasviði.

Það eru spennandi verkefni fram undan við að efla og bæta þjónustu frístundaheimila til samræmis við óskir foreldra um bætt innra starf og samþættingu við íþrótta- og tómstundastarf og það ætlum við að gera.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **PRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Kúabú á krossgötum

**Hækkun á mjólkurverði**
Undanfarnar vikur hefur verið til umræðu hækkun á mjólk til framleiðanda. Hækkun er 1,77% frá 1. ágúst 2015, en síðasta hækkun var í október 2013. Þessi litla hækkun kom mörgum mjólkurframleiðendum verulega á óvart.

LANDBÚNAÐUR



Guðjón Þórir Sigfússon
verkfræðingur og á og rekur kornræktar- og kúabú að Grund í Eyjafirði

**Framleiðendur taka á sig hallann**
Verðlagsnefnd búvara ákvarðar hækkun á mjólk til framleiðanda. Nefndin miðar við kostnað út frá grundvallarkúabúi sem er með 40 árskýr, en búið er rekið með verulegum halla árið 2014 eða yfir 8 m.kr. Hækkun leiðréttir ekki hallarekstur á grundvallarbúi. Hluta af þessum halla hafa framleiðendur þegar tekið á sig með hagræðingu. Nefndin tekur ekki tillit til lækkunar á beingreiðslum á lítra sem orðið hefur á samningstíma gildandi mjólkursamnings frá 2004.

**Beingreiðslur hafa rýrnað**
Samningur um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu var undirritaður 2004 og gildir út 2016. Samkvæmt honum eru ákvæði um beingreiðslur fyrir mjólkurafurðir til greiðslumarkshafa mjólkur. Ef litið er til þróunar beingreiðslna á lítra mjólkur til framleiðanda frá árinu 2004, hafa þær rýrnað um 20 kr. á lítra fram til 2014 á föstu verðlagi. Þessar upplýsingar koma meðal annars fram í Bændablaðinu frá 9. júlí 2015: „Mjólkursamningurinn frá 2005 hefur elst illa", er byggir á BS-ritgerð Ástu Steinunnar Eiríksdóttur hagfræðings.

**Tekjutap mjólkurframleiðenda verður að bæta**
Samkvæmt lögum um verðlagsnefnd er tekið fram að telja eigi beingreiðslur til tekna og koma til lækkunar á verði þeirra afurða sem beinar greiðslur taka til. Ekkert mælir því á móti því að verðlagsnefnd taki tillit til lækkunar á beingreiðslum inn í útreikning sinn á sama hátt, þannig að lækkun þeirra á lítra komi inn til hækkunar á verði til framleiðanda mjólkur. Þetta tekjutap mjólkurframleiðanda verður að bæta upp annars staðar. Ef ekki gegnum auknar niðurgreiðslur á framleiðslukostnaði þá með hækkun á verði til framleiðanda frá verðlagsnefnd. Það stjórnvald sem setur ramma utan um starfsemi verðlagsnefndar verður að tryggja að tekjutap fáist bætt gegnum verðlagsnefnd, önnur leið virðist ekki í boði.

**Verður að gera breytingar á verðlagningu mjólkur**
Það er ljóst að ekki gengur til lengdar að reka kúabú, eins og grundvallarbú verðlagsnefndar, með verulegu tapi eins og raunin er. Það verður að gera breytingar á verðlagningu mjólkur og starfsskilyrðum framleiðslu. Mjólkurframleiðendur ásamt mjólkurvinnslu hafa sýnt mikla hagræðingu á undanförnum árum. Það eitt og sér nægir ekki. Það verður að tryggja rekstur kúabúa í landinu á farsælan hátt þannig að þessi grein geti þrifist eðlilega. Á meðan verðlagning er í gegnum verðlagsnefnd verður að gera þá kröfu til hennar og þess lagaramma sem henni er settur að mjólkurframleiðsla búi við eðlilegan rekstrargrundvöll. Þá verður einnig að hafa í huga hinn mjög svo óeðlilega háa fjármagnskostnað sem mjólkurframleiðendur búa við eins og aðrar atvinnugreinar í landinu.

**Framtíð mjólkurframleiðslunnar**
Þjóð verður að geta nýtt eigin gæði til framleiðslu mjólkurvara þannig að rekstur búa gangi upp. Það er ekki ásættanlegt fyrir þjóð að vera háð innflutningi á þessum vörum og greiða fyrir þær með verðmætum gjaldeyri. Einnig koma upp í huga þættir eins og að halda uppi atvinnu, hreinleiki íslenskrar matvöru, sterk ímynd hennar fyrir hreinleika og að hafa dreifða byggð í landinu. Einnig ber að nefna mikilvægi þess að hægt verði að neyta matvöru úr sínu nærumhverfi, sem er að öllu jöfnu besta matvaran, en ekki matvöru sem hefur verið framleidd langt frá neytanda með stóru kolefnisspori vegna flutninga. Ekki er ósennilegt að í náinni framtíð verði mun meiri áhersla lögð á kolefnisspor matvæla, þannig að flutningar matvöru verði skattlagðir til að sporna við mengun vegna kolefnis. Neytendur eru orðnir sem betur fer mun meðvitaðri um þessa þætti. Reynsla erlendis sýnir að ef landbúnaðarframleiðsla eins og mjólk víkur af markaði í framleiðslulandi hækkar verð matvöru aftur. Þetta gerist eftir að innlend matvara hefur orðið undir í samkeppni við innflutning og verð á matvöru verður á endanum hærra en það var fyrir, áður en samkeppni kom til.

**Hagsmunir framleiðenda, neytenda og þjóðar fara saman**
Það á að vera skýrt að hagsmunir mjólkurframleiðenda, neytenda og þjóðar fari saman. Tryggja verður að neytendur geti hér eftir sem hingað til átt kost á innlendum mjólkurvörum af sem mestum gæðum. Þær verði framleiddar á sem hagkvæmastan hátt þar sem velferð dýra er samkvæmt því sem best gerist og framleiðsla eins sjálfbær með tilliti til innlendra hráefna og landsgæða og kostur er.

**➜ Mjólkurframleiðendur ásamt mjólkurvinnslu hafa sýnt mikla hagræðingu á undanförnum árum. Það verður að tryggja rekstur kúabúa í landinu á farsælan hátt þannig að þessi grein geti þrifist eðlilega. Á meðan verðlagning er í gegnum verðlagsnefnd verður að gera þá kröfu til hennar og þess lagaramma sem henni er settur að mjólkurframleiðsla búi við eðlilegan rekstrargrundvöll.**

# Trúlega verst

Ég var í jarðarför gamallar vinkonu minnar um daginn. Ljósið flæddi inn um steinda gluggana, andinn sveif yfir og „hærra minn guð til þín" ómaði um hvelfinguna. Kyrrlát og falleg stund, fólkið sat auðmjúkt andspænis óskiljanleika dauðans. Það var nærandi fyrir sálina að leggja egóinu á bílastæðinu við kirkjuna og beygja sig um stund fyrir mætti lífsins.

TRÚMÁL



Sverrir Björnsson
hönnuður

**Einlæg undrun**
Frá fyrstu tíð hefur manneskjan staðið undir sól og stjörnum og undrast af einlægni. Skilningurinn bjó í eplinu og þegar við komumst yfir það fórum við að spá í hlutina og smíða skýringar á óskiljanleika tilverunnar. Hvað er sólin? Hvað veldur flóði og fjöru? Hvað verður um okkur þegar við deyjum? Um allan heim fléttuðu menn saman útlistanir á gangverki heimsins. Og þvílíkir vefir! Í þeim tvinnast saman náttúran og manneskjan, vonin, ástin, sorgin og gleðin yfir að vera til. Úr þessum efnivið hafa skáld ort, málarar málað, tónskáld samið og myndhöggvarar mótað. Trúin hefur fært okkur stórkostleg listaverk, verið þjáðum huggun og gefið okkur von um réttlæti í vonleysi og þrældómi. Því í trúna voru ekki aðeins vafðar skýringar þess óskiljanlega heldur líka siðfræðin og lögin. Við sem trúum því að maðurinn hafi skapað guð getum því líkt og hinir sagt af heilum hug: Guði sé lof fyrir trúna.

Í dag geta fæstir sætt sig við gamlar þjóðsögur sem leiðarljós lífsins en þó guð sé kominn fram yfir síðasta söludag er menning okkar mótuð af trú. Hér norður frá er nauðsynlegt að fólk þekki helstu þætti kristni og ásatrúar til að skilja menningu sína. Hvernig er hægt að taka þátt í umræðum eða fylgjast með án þess að skilja hugtakið „Miskunnsami Samverjinn" eða speki Hávamála „Margur verður af aurum api"? Orð Jesú, „Ef þú átt tvo kirtla gefðu þá náunga þínum annan", eru að verða ungu fólki óskiljanleg eins og sést á gjörðum þeirra ungu manna sem nú stjórna landinu.

**➜ Að baki öllum ófriði býr sama ástæðan. Herför ISIS, barátta talibana, Norður-Írland, nýlendustríðin, siðaskiptin, krossferðirnar, að baki býr ávallt eftirsókn eftir auði og völdum. Með heilagar bækur í höndunum göfgast málstaðurinn og lýðurinn fylgir heilalaus með.**

**Trúarbragðafræðsla nauðsyn**
Við þurfum trúarbragðafræðslu í skólum til að börnin skilji rætur sínar, menninguna. Allir ættu að kunna skil á Jesú, þeim góða manni, húmanista, dulspekingi og sósíalista og þekkja undirstöðuatriðin í íslam. Trúarbrögðin standa höllum fæti en öll kerfi verja sig, hagsmuni sína og völd. Ímamar, kirkjuhöfðingjar og öldungar eru góðir í því. (Frans páfi þó líklega undantekning enda gangandi kraftaverk.) Trúarbragðastríð er ein brellan – aldrei hefur verið háð stríð vegna trúarbragða. Að baki öllum ófriði býr sama ástæðan. Herför ISIS, barátta talibana, Norður-Írland, nýlendustríðin, siðaskiptin, krossferðirnar, að baki býr ávallt eftirsókn eftir auði og völdum. Með heilagar bækur í höndunum göfgast málstaðurinn og lýðurinn fylgir heilalaus með.

**Misnotkun verst**
Ef við lítum okkur nær sjáum við trúfélög stór og smá sem verja völd sín með öllum tiltækum ráðum. Hvort sem við horfum til stjórnenda kirkjunnar eða allsráðandi öldunganna í sértrúarsöfnuðum eins og Vottum Jehóva, birtist sama stefið: Það er barist á móti breytingum, vísindunum er vikið til hliðar, náttúrulegar kenndir eins og samkynhneigð og jafn sjálfsögð mannréttindi sem jöfn staða kynjanna eru bæld niður eins lengi og hægt er.

Já, syndalisti trúarbragðanna er langur og ljótur, þar er misnotkun á einlægni trúlega verst.

# Bækur eru betri fjárfesting en byssukúlur

„Bækur eru betri fjárfesting en byssukúlur," sagði Nóbelsverðlaunahafinn Malala Yousafzai, nýlega á fundi í Ósló. Fundurinn fjallaði um mikilvægi menntunar í þeirri vegferð sem ríki heims hefja í september nk. þegar samþykkt verða ný þróunarmarkmið á leiðtogafundi Sameinuðu þjóðanna. Markmiðin eiga að taka gildi 1. janúar 2016 og þau á að framkvæma fyrir lok 2030. Markmiðin eru miklu víðtækari og metnaðarfyllri en fyrirrennarar þeirra, þúsaldarmarkmiðin frá árinu 2000.

UTANRÍKISMÁL



Gréta Gunnarsdóttir
Stjórn félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi

Í fyrirliggjandi drögum er viðurkennt að útrýming fátæktar er stærsta áskorunin sem alþjóðasamfélagið stendur frammi fyrir og því fjallar fyrsta markmiðið um að útrýma fátækt.

Í drögunum er litið til þess að ójöfnuður fer vaxandi innan ríkja og milli ríkja og því ítrekað áréttað að markmiðin skuli ná til allra.

Ljóst er að fátækt verður ekki útrýmt ef ekki kemur til stórátaks í menntamálum um allan heim þar sem milljónir barna og ungs fólks hafa ekki aðgang að menntun í dag og hafi þau aðgang er menntunin sem þau fá oft mjög léleg. Því er í drögunum að fjórða þróunarmarkmiðinu, sem fjallar um menntun, ekki eingöngu lögð áhersla á að tryggja skuli jafnan aðgang að menntun heldur skuli einnig tryggja gæði og gildi menntunar. Þetta krefst m.a. aukinnar fjárfestingar í kennaramenntun.

Við Íslendingar höfum litið á það sem sameiginlega hagsmuni okkar að tryggja öllum jafnan aðgang að menntun. Er óskandi að við berum gæfu til að vera áfram sammála um mikilvægi þessarar sameiginlegu fjárfestingar í þessu litla þjóðfélagi. Það er líka óskandi að sú þrautaganga sem Malala gekk í gegnum verða þess að hún leyfði sér að opna munninn og tala fyrir menntun stúlkna verði til þess að þeir sem hingað til hafa litið á menntamál sem „mjúk" mál geri sér grein fyrir því að fjárfesting í menntun þarf að vera forgangsmál eigi að tryggja langvarandi öryggi og stöðugleika í heiminum.

**➜ Við Íslendingar höfum litið á það sem sameiginlega hagsmuni okkar að tryggja öllum jafnan aðgang að menntun.**




• Þurrmatur
• Blautmatur
• Nammi
• Olíur
• Bragðefni

Loksins á Íslandi!
Iceland Pet vörurnar eru seldar í yfir 40 löndum

Icelandpet býður köttum og hundum undirstöðu að heilbrigðu lífi með hreinum, bragðgóðum og náttúrulegum mat úr dýrmætum hráefnum þar sem öll nauðsynleg næringarefni eru réttum hlutföllum.

SÖLUAÐILAR:
Heimkaup.is • Verslanir Fóðurblöndunnar • Kaupfélag Skagfirðinga • Fákasport Akureyri

Icelandpet
Hrein náttúruleg orka

ICELAND PET • Óseyrarbraut 22 • 815 Þorlákshöfn • Sími 892 3904 • icelandpet.is







# Séð út um bílrúðu – og fram í tímann

UMHVERFISMÁL



Þorvaldur Örn Árnason
líffræðingur og íbúi í Vogum





Eitt af því sem gerir Ísland svo áhugavert fyrir ferðamenn er að flestir vegir eru upphækkaðir og skóglaust meðfram þeim – öfugt við það sem er í flestum nálægum löndum. Hægt er að njóta frábærs útsýnis um leið og ekið er milli staða. Svo hefur Vegagerðin gert góða áningarstaði hér og þar við þjóðvegina. Þetta víðsýni af þjóðvegum er eitt af því sem heillar erlenda gesti og laðar æ fleiri hingað. Einstök náttúra landsins blasir við hvarvetna, ekki síst af fjölförnum vegum.

**Fordyri landsins**

Reykjanesbrautin er fordyri Íslands. Flestir sem koma til landsins njóta útsýnis þaðan. Hraunið með mosa, fléttum, lyngi, kjarri og margs konar blómum og grösum er undurfagurt og sérstakt á heimsvísu. Síbreytilegt eftir árstíðum og hvort það er bleyta eða þurrkur. Við sem keyrum Reykjanesbrautina nær daglega verðum seint leið á að horfa út um bílrúðurnar.

Eftir tvo áratugi gefur þarna fátt annað að líta en eina jurt – að vísu fallega – en hún mun afmá þessa sérstöku ásýnd að mestu, skyggja á þann gróður sem fyrir er og fela að mestu mishæðir í hrauninu. Eftir 20 ár verður leitun að vegspotta á Suðvesturlandi þar sem alaskalúpína blasir ekki við. Reynið að ímynda ykkur það! Lúpínan er öflug uppgræðslujurt og gullfalleg – en allt er best í hófi. Einhæfni er leiðigjörn og niðurdrepandi. Viljum við gefa börnum okkar og barnabörnum þetta í arf?

Báðar myndirnar eru teknar af Reykjanesbraut um miðjan júlí sl. Önnur er tekin skammt utan við Vatnsleysustrandarvegamót þar sem enn gefur að líta form og liti hraunsins og Keili í baksýn. Hin myndin er tekin nokkrum kílómetrum utar þar sem lúpínan er að þétta sig að vegkantinum og úr þessu er lítil áhrif hægt að hafa þar á. Fyrir um áratug síðan voru þarna nokkrir stakir lúpínutoppar sem fáir tóku eftir. Slíka toppa er nú að finna víða við brautina – m.a. í grófinni milli akreinanna – sem munu mynda álíka breiðu meðfram mestallri brautinni á svo sem einum áratug nema eitthvað verði gert til að stemma þar stigu við. Sama þróun er í gangi við flesta þjóðvegi á Reykjanesskaga og í nágrenni Reykjavíkur og víðar um landið. Lúpína er t.d. að þéttast ár hvert með þjóðvegi 1 frá Rauðavatni og upp í Svínahraun. Hún breiðist örast út meðfram vegum – á því landi sem ber fyrir augu af þjóðvegunum.

**Framtíðarhorfur**

Hægt er að hægja á útbreiðslu lúpínunnar með því að taka alla staka toppa árlega. Til þess þarf margar viljugar hendur. Ekki dugar annað en árleg vöktun í áratug eða meira því alltaf koma upp nýjar plöntur, bæði af rótum sem verða eftir og af fræi sem liggur í dvala í jörðinni árum saman.

Lítil þörf er á uppgræðslu þarna því hraunið meðfram Reykjanesbraut er að mestu gróið og vilji menn græða upp moldarflög sem þar finnast er til nóg af hrossa-, hænsna- og svínaskít í nánd en slík uppgræðsla rústar ekki ásýnd landsins.

Lúpína er falleg og mjög áberandi jurt, hvort heldur græn, blá eða brún. Það eykur á fjölbreytni landsins að sjá hana hér og þar. En þegar óvíða er hægt að horfa út um bílrúðu án þess að sjá lúpínu er of langt gengið. Þegar það er orðið staðreynd er allt of seint að hafa þar nokkur áhrif á. Það þarf að gerast ekki seinna en núna!

Sumum finnst þessi þróun í lagi og benda á að lúpínan muni á endanum hörfa. Jú, ekkert varir að eilífu, en þótt hún hörfi á stöku stað (verði gisnari) er útbreiðslan margfalt örari og svo verður næstu áratugi og líklega í meira en öld. Mig grunar að fáum okkar endist aldur til að sjá lúpínu fara að dragast saman á landinu í heild og þegar loks kemur að því verður gróðurinn sem tekur við allt annar en það sem nú gefur að líta. Það verður meiri gróska og meiri skógar en þetta fínlega sem nú heillar svo marga glatast.

Breytingar á ásýnd landsins vegna virkjana, raflína og ýmissa stórkarlalegra mannvirkja eru smámunir miðað við þá breytingu sem í vændum er af völdum lúpínu og stjórnlausrar útbreiðslu hennar.

# Úrelt dagforeldrakerfi

FJÖLSKYLDAN



Álfhildur Þorsteinsdóttir

Ég er móðir og á eina 20 mánaða gamla stúlku. Þegar ég varð ólétt á sínum tíma varð ég himinsæl enda barnið mjög velkomið í heiminn. Það var þó eitt sem skyggði á þessa gleði og það var sú staðreynd að við foreldrarnir áttum einungis rétt á að vera heima með barninu okkar í níu mánuði. Sú spurning ásótti mig lengi vel – hver á að passa barnið okkar þessa níu mánuði sem við þurfum svo að bíða eftir leikskólaplássi?

Ég bý í Hveragerði og þar búum við svo vel að öll börn komast inn á leikskóla við 18 mánaða aldur, nokkuð sem ekki öll sveitarfélög geta státað sig af og til dæmis er ástandið ekki svo gott í höfuðborginni okkar. Þó ástandið sé betra í Hveragerði en víða annars staðar þá er það engan veginn nógu gott.

Eftir þó nokkrar tilfæringar endaði dóttir okkar hjá yndislegri dagmömmu sem hún tók miklu ástfóstri við strax frá byrjun.

Það sem ergir mig þó óendanlega við þetta kerfi okkar hér á Íslandi, burtséð frá því hversu yndislegir flestir dagforeldrar eru, eru eftirfarandi atriði:

1. Þú þarft að fara með barnið þitt, litla augasteininn þinn, og skilja hann eftir hjá bláókunnugu fólk sem þú treystir í blindni og getur ekki annað en vonað að innsæi þitt sé rétt. Oftast er viðkomandi einn heima hjá sér og eftirlit er lítið sem ekkert, þrjár heimsóknir á ári kalla ég ekki almennilegt eftirlit. Á leikskólum eru nokkrir starfsmenn á hverri deild, stjórnendur o.fl. svo eftirlitið er óumflýjanlegt og stöðugt.

2. Dagforeldrar, mjög oft ófaglærðir, mega vera einir heima hjá sér með fimm börn (mega þó vera með sjö í hádeginu skv. reglugerð!?) en á ungbarnadeildum leikskóla er yfirleitt miðað við að hver leikskólakennari sé ekki með fleiri en fjögur börn í sinni könnu. Rökin fyrir þessu eru mér ókunn ef þau eru til staðar.

3. Dagforeldrar þurfa einir að sjá um allt sem viðkemur barninu, að skipta um bleyjur á öllum, koma öllum í svefn og elda mat ofan í alla – á meðan þeir passa fimm ungabörn. Það býður til dæmis hættunni heim að sjá um fimm ungabörn og elda matinn á meðan.

4. Dagforeldrar eiga rétt á veikindadögum eins og venjulegir launþegar, sem er mér óskiljanlegt þar sem þeir eru sjálfstætt starfandi. Ég, sem launþegi, á rétt á veikindadögum vegna eigin veikinda og vegna veikinda barnsins míns en þegar dagforeldrið mitt verður veikt eða börn dagforeldris þá neyðist ég til að taka mér launalaust frí og fæ engan afslátt af dagvistunargjöldum á móti. Ég hef starfað sem sjálfstætt starfandi talmeinafræðingur og einn af ókostunum við það er einmitt sá að þegar ég, eða barnið mitt, veikist get ég ekki rukkað fyrir tímann. Þetta á við um flestar aðrar sjálfstætt starfandi stéttir, mér þætti til dæmis ansi hart að borga fyrir bókaðan tíma í klippingu ef hárgreiðslumaðurinn væri veikur heima hjá sér. Dagforeldrar fá því kostina af því að vera sjálfstætt starfandi (hærri tekjur) en þurfa ekki að taka ókostunum (ólaunaðir veikindadagar).

**➜ Hver á að passa barnið okkar þessa níu mánuði sem við þurfum svo að bíða eftir leikskólaplássi?**

5. Það er mjög dýrt fyrir foreldra að vera með barn hjá dagforeldrum, algengt verð á Suðurlandi er í kringum 50 þúsund krónur fyrir 8 tíma vistun á meðan leikskólagjöld eru í kringum 30.000 krónur.

6. Dagforeldrar geta neitað að passa tiltekin börn, t.d. ef þau eru mjög krefjandi. Ég þekki dæmi þess að börnum sé sagt upp, þau eru sumsé „rekin“ og það innan við tveggja ára gömul. Þau dæmi eru vafalaust mjög fá sem betur fer – en þau eru þó til. Ég veit ekki til þess að leikskólar geti sagt börnum upp enda væri það galið.

Ég sá mjög gott viðtal í Kastljósinu um daginn við móður sem talaði um það að þrýstihópurinn, foreldrarnir, á þennan málaflokk væri svo veikur því þeir sem nýta þjónustu dagforeldra þurfa þess í takmarkaðan tíma og eru svo guðs lifandi fegnir þegar tímabilinu lýkur að þeir reyna að hugsa ekki um það meir. Ég vil ekki vera ein af þeim og ákvað því að koma skoðun minni á framfæri.

Það er ekki við dagforeldra að sakast sem sinna langflestir sinni mikilvægu og erfiðu vinnu mjög vel, það er við stjórnvöld að sakast sem sýna lítinn vilja til að breyta þessu stórgallaða kerfi okkar.

Ég skora á stjórnvöld að skapa samfellu í dagvistunarmálum ungra barna, það þarf að lengja fæðingarorlofið og taka börnin fyrr inn á leikskóla.

Liggurðu á skoðunum þínum? Það er algjör óþarfi. Sendu greinina þína á **greinar@visir.is** og við komum henni á framfæri hið snarasta.

# TILBÚIN FYRIR FYRSTA SKÓLADAG






**Finndu svalar, sætar eða átrúnaðargoðs töskurnar í Toys'R'Us. Við erum tilbúin fyrir skólann, með töskur og aukahluti.**

Toys R Us
IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!

# Æfa björgun í Rússlandi

**Tíu íslenskir unglingar úr deildum Landsbjargar taka þátt í krefjandi björgunaræfingum í Rússlandi þessa dagana. Helena Dögg Magnúsdóttir er með hópnum úti.**

„Hópurinn okkar er kröftugur og vekur athygli fyrir félagslega færni og góða frammistöðu á æfingum,“ segir Helena Dögg Magnúsdóttir. Hún er í fararstjórn hóps úr unglingadeildum Landsbjargar sem er í Rússlandi að æfa björgun mannslífa. Þrír fullorðnir Íslendingar kenna á námskeiðinu sem sótt er af ellefu þjóðum, tveir fylgja íslenska hópnum.

„Við erum í liði með Kirgistan og Síberíu og okkar krakkar hafa túlka. Þeir hafa spreytt sig á björgun úr vatni og úr hárri byggingu sem þeir sigu niður í. Í dag var æfing í flugvéla-, þyrlu- og lestarslysum. Fjallabjörgun er á dagskrá og á fimmtudag verður 14 klukkustunda rústabjörgun þar sem allar þátttökuþjóðir vinna saman. Fólk hér er undrandi á hversu mikið okkar fólk kann, hvað það er agað og öryggisbúnaðurinn fínn,“ segir Helena.

Æfingasvæðið nefnist Noginsk, það er notað af rússneska hernum og almannavörnum, að sögn Helenu. „Við erum um 90 kílómetra fyrir utan Moskvu en það tók okkur tæpa fjóra tíma að keyra þangað, umferðarteppan var slík. Til að komast áfram keyrðum við úti í kanti í lögreglufylgd. Það var nokkuð merkileg upplifun fyrir venjulega íslenska unglinga. Föstudagurinn er menningardagur, þá verður Moskva skoðuð.“

gun@frettabladid.is



**ÍSLENSKI HÓPURINN** Tíu ungmenni og fimm umsjónarmenn. Helena er önnur frá hægri.
MYND/ OTTI RAFN SIGMARSSON

**„ Fólk hér er undrandi á hversu mikið okkar fólk kann**

---



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**KRISTINN GUÐJÓNSSON**
**Hlíðartúni 9, Höfn,**

lést föstudaginn 31. júlí. Hann verður jarðsunginn frá Hafnarkirkju fimmtudaginn 6. ágúst klukkan 11. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Styrktarsjóð Heilbrigðisstofnunar Suðausturlands.

**Heiður Vilhjálmsdóttir**
**Vilhjálmur Kristinsson — Sigríður Sigurþórsdóttir**
**Sigríður S. Kristinsdóttir — Stefán B. Jónsson**
**Erlingur Kristinsson — Jóhanna María Þorbjarnardóttir**
**börn og barnabörn.**

---



†

Ástkær móðir okkar,

**BJÖRG ÞORLEIFSDÓTTIR**
**fyrrverandi organisti**
**frá Hólkoti í Staðarsveit,**

lést í Seljahlíð 31. júlí. Hún verður jarðsungin frá Fossvogskapellu föstudaginn 7. ágúst kl. 13.

**F.h. aðstandenda,**

**Védís Elsa Kristjánsdóttir**
**Kristlaug Karlsdóttir**
**Heiðbjört Kristjánsdóttir**

---



†

Konan mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**DAGFRÍÐUR H. HALLDÓRSDÓTTIR**
**Hrólfsskálamel 6,**
**Seltjarnarnesi,**

lést á hjartadeild Landspítalans 31. júlí. Útförin fer fram frá Seltjarnarneskirkju þriðjudaginn 11. ágúst kl. 13. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Nýrað, félag nýrnasjúklinga, 334-26-1558, kt. 670387-1279.

**Pétur Sigurðsson**
**Fanney Pétursdóttir — Egill Már Markússon**
**Ragna Pétursdóttir — Hannes Páll Guðmundsson**
**Jason, Sunna, Tómas, Pétur og Guðmundur.**

---



†

Okkar ástkæra móðir, stjúpmóðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**HANNA STEFÁNSDÓTTIR**
**Austurbyggð 17,**
**áður Víðilundi 24,**

lést þann 30. júlí á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Hlíð. Útför auglýst síðar.

**Stefán Jónas Guðmundsson**
**Guðmundur Ómar Guðmundsson — Anna Ingólfsdóttir**
**Haraldur Huginn Guðmundsson — Helga Ólafsdóttir**
**Kristján Antonsson — Dóróthea Valdimarsdóttir**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**

---



†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓN ARNFINNUR ÞÓRARINSSON**
**fv. kaupmaður,**

lést fimmtudaginn 30. júlí á hjúkrunarheimili Hrafnistu, Boðaþingi í Kópavogi. Útför hans fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 10. ágúst kl. 15.00.

**Guðný Rut Jónsdóttir — Lárus Valberg**
**Ólafur Haukur Jónsson — Inga Lára Helgadóttir**
**Arnfinnur Sævar Jónsson — Helga Daníelsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

**HANNES PÁLSSON**
**bankamaður,**
**Sólheimum 42, Reykjavík,**

lést fimmtudaginn 23. júlí. Útförin fer fram frá Langholtskirkju í dag, miðvikudaginn 5. ágúst, kl. 13.00.

**Guðrún Hannesdóttir — Þorbjörn Broddason**
**Kristín Hannesdóttir — Nicholas Groves-Raines**
**Halla Hannesdóttir — Vífill Magnússon**
**Páll H. Hannesson — Liv Jorunn Seljevoll**
**Pétur H. Hannesson — Erla Dís Axelsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---

†

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, systir, og amma,

**ELÍN KOLBEINSDÓTTIR**
**Fróðengi 1,**
**Reykjavík,**

lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 2. ágúst 2015. Jarðarförin auglýst síðar.

**Grétar Zóphaníasson**
**Hjálmar Árnason**
**Kolbeinn Árnason — Harpa Barkar Barkardóttir**
**systkini og ömmubörn.**

---



†

Elskaður eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**BJARNI BJARNASON**
**löggiltur endurskoðandi,**

lést á hjúkrunarheimili Hrafnistu í Hafnarfirði þann 1. ágúst sl. Útför auglýst síðar.

**Alma Thorarensen**
**Ragnheiður Erla Bjarnadóttir**
**Helga Hrefna Bjarnadóttir**
**Stefán Örn Bjarnason — Sigrún Þórarinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**SIGURÐUR INGVARSSON**

lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 2. ágúst. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Styrktarsjóð Félags nýrnasjúkra.

**Kirsten Friðriksdóttir**
**Örn Valdimarsson — Aðalheiður Ó. Guðbjörnsdóttir**
**Sigrún Alba Sigurðardóttir — Björn Þorsteinsson**
**Guðbjörn, Ársól, Friðrik Kári og Daníel Örn**
**Snædís, Matthildur og Lena Charlotta**

---



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**INGUNN INGVADÓTTIR**
**Þórsmörk, Garðabæ,**

sem lést á Landspítalanum 25. júlí verður jarðsungin frá Garðakirkju fimmtudaginn 6. ágúst kl. 15.

**Bryndís Þórarinsdóttir — Aðalgeir Aðdal Jónsson**
**Baldvin Þórarinsson**
**Ingunn Þóra Hallsdóttir — Ólafur Ingi Grettisson**
**Þórhalla Rein Aðalgeirsdóttir**
**og barnabarnabörn.**

---



†

Hjartkær móðir okkar, systir, tengdamóðir og amma,

**GUÐRÚN SVEINSDÓTTIR**
**hjúkrunarfræðingur**
**frá Reyni í Mýrdal,**
**Vogatungu, 26 Kópavogi,**

andaðist á Landspítalanum 2. ágúst. Jarðarförin fer fram frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 11. ágúst klukkan 13.00.

**Æsa Hrólfsdóttir — Ingi Hafliði Guðjónsson**
**Hildur Björg Hrólfsdóttir — Ómar Imsland**
**Guðbjörg Sveinsdóttir**
**Brynja, Arna og Hrólfur.**

---



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**MAGÐALENA SIGRÍÐUR HALLSDÓTTIR**
**fyrrv. símafulltrúi, Siglufirði,**

lést á Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar föstudaginn 31. júlí. Útförin fer fram frá Siglufjarðarkirkju sunnudaginn 9. ágúst kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Kvenfélag Sjúkrahúss Siglufjarðar og Kvenfélagið Von.

**Guðný Sigríður Guðlaugsdóttir — Ómar Einarsson**
**Guðrún Herdís Guðlaugsdóttir — Kristján Sigfús Sigmundsson**
**Karl Guðlaugsson — Kristjana Sæberg Júlídóttir**
**Guðbjörg Jóna Guðlaugsdóttir — Nils Gústavsson**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---



†

Ástkær eiginmaður minn, sonur okkar, bróðir og stjúpfaðir,

**VALUR KARL PÉTURSSON**
**Mýrargötu 3,**
**Vogum,**

lést á líknardeild Landspítalans 29. júlí. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 6. ágúst kl. 13.

**Sigríður Helga Jensdóttir**
**María Karlsdóttir, Hersteinn Karlsson,**
**Soffía Pétursdóttir, Guðrún Karólína Pétursdóttir,**
**Hulda Hersteinsdóttir, Karl Hersteinsson,**
**Jenný Hermannsdóttir, Benedikt Hermannsson**
**og fjölskyldur.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

**ERTU AÐ FARA Á FRAMANDI SLÓÐIR?**
**Á gov.uk er farið yfir allt það helsta sem þarf að hafa í huga áður en lagt er í hann. Upplýsingarnar snúa að öryggi, lagasetningu, heilsufarsmálum og líkum á hryðjuverkum í hverju landi fyrir sig.**
















**HALLA OG UNA** Kvikmyndagerðarmaður og kynfræðingur sem á sumrin reka veitingastaðinn Heimsenda á Patreksfirði með fjölskyldu Unu.

# HURÐIR ÚR SANDI Á HEIMSENDA

**SKÖPUNARGLEÐI** *Undanfarin tvö ár hafa Halla Kristín Einarsdóttir og Una Lind Hauksdóttir ásamt foreldrum þeirrar síðarnefndu byggt upp og rekið à la carte-veitingastað í fallegu gömlu húsi við höfnina á Patreksfirði.*

Á Vatneyrinni, við höfnina á Patreksfirði, stendur rautt hús sem nýlega fékk nýtt hlutverk sem veitingastaðurinn Heimsendi. Upphaflega var húsið byggt sem sjómannastofa og veitingahús en hefur í gegnum tíðina gegnt ýmsum hlutverkum. Húsið hafði þó staðið lengi autt áður en kærustuparið Una Lind Hauksdóttir og Halla Kristín Einarsdóttir fékk það verkefni hjá föður þeirrar fyrrnefndu að koma á fót veitingasölu á Patreksfirði. Það vatt aðeins upp á sig. Staðurinn er í eigu þeirra og foreldra Unu, Hauks Más og Gunnhildar, sem einnig tekur til hendinni á staðnum þegar hún er ekki á vöktum á sjúkrahúsinu. Þetta er því með sanni fjölskyldurekinn staður þar sem einhver úr fjölskyldunni er ávallt til staðar.

„ Pabbi hennar Unu hafði samband við okkur snemma í fyrrasumar og spurði hvort við værum til í að prófa að vera með honum með einfalda matarþjónustu fyrir ferðamenn yfir sumarið, súpur, samlokur og eitthvað svoleiðis," segir Halla. „Hugmyndin var að opna hráan en skemmtilegan samloku- og súpubar, það var að minnsta kosti það fyrsta sem ég heyrði. Næst þegar ég leit við áttum við veitingastað á Patreksfirði.

**ALLT FRÁ GRUNNI**

►



**HURÐ OG SANDUR GERA BORÐ**
Hér má sjá eitt sandborðanna fallegu en Una hannaði borðin úr gömlum hurðum og afgangsspýtum og setti sand í miðjuna af ströndunum í kring.












**BARINN ÚR LESTINNI** Barinn er smíðaður úr lestarhlerum af fiskiskipinu Vestra BA.



**FALLEGUR OG GÓÐUR** Maturinn er fallega fram reiddur og leitast er við að nota hráefni sem finna má í og við gullkistuna Breiðafjörð.



**HEIMSENDABORGARINN** Heimsendi býður bæði à la carte-matseðil og girnilega hamborgara og gómsætar franskar.



**SETUR SKEMMTILEGAN SVIP** Stiginn milli hæða er smíðaður úr flutningabrettum.

Una, Halla og Haukur Már hönnuðu innréttingarnar og veitingarnar frá grunni: „Með ótrúlega góðri hjálp margra,“ segir Una og bætir við: „Og á ótrúlega stuttum tíma. Við byrjuðum um páskana í fyrra, við tók stanslaus vinna í mánuð og svo opnað í byrjun maí.“

Fjármagn var af skornum skammti og húsið nánast tilbúið undir tréverk svo það var ekki leitað langt yfir skammt að efni í innréttingar. Stiginn er úr gömlum brettum og barinn úr gömlum lestarlúgum úr fiskiskipinu Vestra BA. „Og tunnuna, sem nú er vínskápur, kom bílstjóri hjá flutningafyrirtækinu hér, hann Palli Líndal, með færandi hendi.“ segir Una. Hún tekur einnig fram að Patreksfirðingar hafi tekið mikinn þátt í því að koma staðnum á legg. „Það voru allir svo til í að hjálpa til og leggja eitthvað fram sem passaði hérna inn. Ég verð að minnast sérstaklega á Árna Magnússon sem lumaði á alls konar fjársjóðum og ófáum tugum klukkustunda í vinnu sem og Paolo Gomes sem vann sleitulaust með okkur við að innrétta.“

## STAÐUR Í ÞRÓUN

„Una hafði sterkustu sýnina um hvernig þetta ætti allt að líta út, tréverkið og litir í bland. Una til dæmis hannaði þessi sandborð sem túristunum finnast mjög skemmtileg með sandi frá mismunandi stöðum hér í kring,“ segir Halla.

Halla bætir við að fleiri sandborð séu í vinnslu enda vantar borð á efri hæðina. „Staðurinn er enn í þróun, okkur tókst ekki að klára nærri því allt áður en við opnuðum en hlaupum í verkefnin þegar tími vinnst til. Og við erum líka að þróa matseðlana sem fara svo líka eftir því hvaða hráefni fæst hverju sinni.“

## FÖNG ÚR GULLKISTUNNI BREIÐAFIRÐI

Á Heimsenda er bæði hægt að fá fínni à la carte-seðil með kjöt- og fiskréttum en líka plokkfisk og veglega hamborgara. „Það var ekki endilega hugmyndin að vera með hamborgarastað,“ segir Una. „En það þarf líka að þjónusta fjölskyldur á ferð sem eru að koma saman út að borða. Viðskiptavinirnir eru að langmestu leyti ferðamenn, bæði innlendir og erlendir og það komast um sjötíu manns í mat í einu.“ Haukur, pabbi Unu, hefur þróað flestar uppskriftirnar og Una lært af honum. Draumurinn er að matseðillinn verði innan fimm ára alfarið úr hráefni sem finna má í og við gullkistuna Breiðafjörð. „Við erum niðri á höfn svo við fáum fiskinn spriklandi á tröppurnar á morgnana og það ræðst af því hvaða fisk er verið að veiða hvaða fiskur er á matseðlinum. Nautakjötið í borgarana kemur frá bænum Hvammi á Barðaströnd og silungurinn frá Tungusilungi í Tálknafirði.“ Una samsinnir því en bætir við að lambakjöt verði líkast til ekki hægt að fá að öllu leyti frá nágrenni Patró. „En vonandi allt annað.“

## TÓNLEIKAR OG SITTHVAÐ UM AÐ VERA

Heimsendi er ekki kaffihús heldur aðeins veitingahús og svo með vínveitingaleyfi „Eldhúsið er opið frá fjögur til tíu og staðurinn svo til hálfellefu. Við erum með vínveitingaleyfi og öðru hverju reynum við að hafa tónleika og eitthvað um að vera, bæði fyrir heimafólk og aðra,“ segir Una og Halla bætir við: „Það er líka mjög flott kaffihús hér á Patró, Stúkuhúsið, sem er með fínan seðil og gott kaffi sem er opnað fyrr á daginn.“ Una bætir við:„Ég held að allir séu bara ánægðir með að allir séu til og við þurfum hvert á öðru að halda.“

Opið verður á Heimsenda til 24. ágúst. Halla og Una hverfa til vetrarstarfanna, Una til náms í mannfræði og kynjafræði við Háskóla Íslands og Halla að fylgja eftir nýjustu heimildarmynd sinni, Hvað er svona merkilegt við það?

Næsta vor opnast svo dyrn-


Við stelpurnar framlengjum útsölunni fram yfir helgi!
Stærðir 36-56
ÚTSÖLULOK!
Allt að 90% AFSLÁTTUR
af útsöluvörum á síðustu dögum útsölunnar!
ZIK ZAK
TÍSKUHÚS
-90% BLÚSSA ÁÐUR 5.990 NÚ 590 St. S-XL
-90% KJÓLL ÁÐUR 6.990 NÚ 690 St. S-XXL
-90% TÚNIKA ÁÐUR 5.990 NÚ 590 St. S-XXL
-90% SKOKKUR ÁÐUR 4.990 NÚ 490 St. S-XL
Nýju haustvörurnar eru komnar!
BLÚSSA VERÐ 9.990 st. 42-56
BUXUR VERÐ 11.990 st. 36-48
GOLLA VERÐ 9.990 st. S-XXXL
KJÓLL VERÐ 5.990 st. 42-56
TÚNIKA ÁÐUR 9.990 NÚ 4.990 St. 42-58
LEGGINGS VERÐ 4.990 st. S-XXXL
KJÓLL VERÐ 7.990 st. S-XXXL
TÚNIKA VERÐ 7.990 st. 42-56
KJÓLL VERÐ 6.990 st. S-XXXL
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314

## BÍLAR & FARARTÆKI

CLASSICBILAR.IS
Bílasala



VOLVO S60 2.0T Árg 2003, ekinn 174 P.KM, bensín, sjálfskiptur með öllu. Allur nýyfirfarinn, skoðaður ,er í toppstandi TILBOÐ 990þ. Rnr.100746. Ásett verð er 1390þ

**Classicbilar.is**
**Gilsbúð 3, 210 Garðabær**
**Sími: 517 9500**
**www.classicbilar.is**

STÓRA BÍLASALAN



Range Rover Supercharged Vouge. Ár 2008, ekinn 118 P.KM,1 eigandi,mjög góð þjónustubók. Verð 5.980.000. Rnr.157365.Er á staðnum.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

VAKA



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

### Bílar til sölu



Honda fr-v 2006 ek 160 þús km, bsk topplúa verð 990-þús. Rnr:148558 Uppl. í s. 693 7176



**TILBOÐ 1.290.Þ 100% LÁN**
Til sölu Toyota Avensis Sol árg 2008 ek. 254.þ km sjálfskiptur, dráttarbeisli, topp þjónusta, ásett verð 1.590.þ fæst á 1.290.þ uppl. í síma 896-5290



VWCADDY 1600 dísel. Árgerð 2007. Ek. 96 þús. Rauður, vel með farinn. Einn eigandi. VSK bíll. Verð kr 1.330 þús. Uppl. í s. 896-2362.

### 250-499 þús.



**ÞESSI ER EINSTAKUR! - VÍSALÁN Í BOÐI**
SUZUKI WAGON-R special árg 2002 ek.181 þús, 5 dyra, beinskiptur, álfelgur, spoilerkit, rúmgóður smábíll sem eyðir litlu verð 450 þús, möguleii á 100% vísaláni í 36 man s.841 8955

### 500-999 þús.



**SPARIBAUKUR - TILBOÐ 590 ÞÚS**
VW POLO 1,2 árg 2005 ek.144 þús, 5 d, beinskiptur, tímakeðja, ný skoðaður 16, frábær bíll sem eyðir mjög litlu, ásett verð 690 þús TILBOÐ 590 ÞÚS MÖGULEIKI Á 100% VÍSALÁNI Í 36 MAN, s.841 8955

### Bílar óskast



**STAÐGREIÐI BÍLA 0-500 ÞÚS!**
Óska eftir að kaupa bíla á allt að 500 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ,01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

### Mótorhjól




### Bátar




**HEIMAVÍK 20 ÁRA.**
Silunganet, flotnet, sökknet. Heimavík, Smiðjuvegur 28, rauð gata. 200 Kóp. S. 892 8655 www.heimavik.is




### Bílaþjónusta




Malbiksviðgerðir - málun bílastæða - vélsópun - skilti www.verktak.is S: 5514000

### Hjólbarðar




**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## ÞJÓNUSTA

### Pípulagnir

**ÁRATUGA REYNSLA**
Tökum að okkur almennt viðhald og breytingar. Pípulagningaþjónustan Ró ehf. s. 780 3939

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónustan Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**HREINVERK**
Teppahreinsun, gluggahreinsun, rennuhreinsun, flutningsþrif, húsgagnahreinsun og fl. Uppl. í s. 699 6762 og www.hreinverk.is

### Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS s. 554 0661. www. velaverkjs.is

GARÐLIST 554 1989

Öll almenn garðvinna og sláttur. Halldór garðyrkjum. Sími 6981215

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar




**MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**
Alhliða málningarþjónusta. Fáðu ástandsskoðun og verðtilboð þér að kostnaðarlausu. Sími 776-0000

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald




**ALHLIÐA VERKTAKAR**
Smíða, málninga og múrvinna. Nýsmíði og viðgerðir. Stór sem og smá verkefni koma til greina. Uppl. í s. 846 7622

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Zanna.

### Spádómar

KÆRLEIKS-LJÓSIÐ
Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla
566 7311
Tímapantanir í síma 8694650

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Símaspá, spái í spil, ræð drauma. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella.

**908 1888**
Komin úr sumarfríi. Spásími Daddýar-14-22 virka daga.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## KEYPT & SELT

### Til sölu

Til sölu Husqvarna tölvu overlook saumavél. Fyrstur kemur, fyrstur fær. Uppl. í s. 865-9890

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

### Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA.**
**SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## HEILSA

### Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## HEIMILIÐ

### Ýmislegt

**HNÍFA BRÝNSLA**
Eru eldhúshnifarnir farnir að bíta illa. Þá hef ég kunnáttuna til að brýna. Sæki og skila frítt á stór - Reykjavíkur svæðinu. Verðdæmi: 1-4 st kr 450 per st 5-9 st 350 per st, lækkun um 50 kr á fimmta hverjum hníf. Friðrik Sími: 849-1195 Geymið auglýsinguna.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
**gsm 777 1313**

**leiga@leiguherbergi.is**

**TIL LEIGU AÐEINS Á AÐEINS 950 KR FM!**
129 - 280 fm bil með allt að 10 m lofthæð, stórar innkeryrsluhurðir, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**www.lundurfasteignir.is**

**S. 690 3031 / 661 7000**

### Atvinnuhúsnæði

**GÓÐ FJÁRFESTING**
Til sölu eða leigu mjög góð 50 m2 frístundabil í Steinhellu 14, Hfn. Miklir möguleikar. Verð frá: 9,9 m S: 661-6800

### Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**SUMARTILBOÐ GEYMSLULAUSNIR.IS**
Verð frá 2900kr.mán Sækjum og sendum. S: 615-5005

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**MOSFELLSBAKARÍ - MOSFELLSBÆ.**
Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í verslun okkar í Mosfellsbæ. Tvær vaktir eru í boði, frá 12:00 - 18:30 virka daga og aðra hverja helgi annann daginn frá kl. 07:00-16:30 eða frá 06:30 - 13:00 virka daga og einn dag aðra hverja helgi frá kl. 07:00-16:30 . Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.
**Umsóknareyðublöð er hægt að nálgst á netinu. Slóðin er www.mosfellsbakari.is/atvinnu-umsokn/**

**HOUSEKEEPERS**
Þernur óskast fyrir íbúðarhótel í 101, laun samk. kjarasamningum. Umsóknir sendast á: headhousekeeper@apartmentk.is

Apartment Hotel in 101 Reykjavik seeks full time and part time housekeepers. Please send applications to: headhousekeeper@apartmentk.is

**STARFSFÓLK MEÐ REYNSLU ÓSKAST Á ANNASAMT BISTRO**
Óskum eftir barþjónum og þjónum í sal strax í hlutastörf. Full störf í boði frá 15. ágúst. Góð enskukunnátta er nauðsyn, frönsku- og íslenskukunnátta er kostur. Einnig í boði dagvakt á virkum dögum fyrir þjón, verður að tala mjög góða íslensku og ensku. Reynsla sem kaffibarþjónn er kostur. Kröfur: 21. árs lágmarksaldur, 2-3 ára reynsla á veitingastað, verður að þola líkamlegt álag. Kostir: sveigjanleiki, frumkvæði, dugnaður, vinaleiki, áreiðanleiki og stundvísi.

Tekið á móti umsóknum á lebistro@lebistro.is og á staðnum milli 9-11 á morgnana. Ekki er tekið við umsóknum símleiðis.

**OKKUR Á VEITINGASTAÐNUM RED CHILI - VEITINGAHÚS**
Óskum eftir starfsmanni í sal í 100 % starf frá og með 15. ágúst. Reynsla æskileg. Íslenska skilyrði. Aldurstakmark 20 ára.
**Nánari upplýsingar á staðnum milli 14 og 16 eða sendið ferilskrá á daddidino@gmail.com sími. 8645299 redchili.is**

**STÝRIMAÐUR/HÁSETI**
Vantar vanan stýrimann og háseta á uppsjávarveiðiskip.
**Umsóknir sendist á netfangið: elias@rgp.gl**

**BAKARÍ BREIÐHOLTI**
Starfskraftur óskast í bakarí vinnutími 12-17 virka daga. Íslensku kunnátta skilyrði og ekki yngri enn 20 ára. Framtíðarstarf.
**Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is**

**DEVITOS PIZZA**
Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu. Dagvinna og næturvinna. Um helgar.
**Uppl. í s. 511 2244**

**VEITINGAHÚSIÐ LAUGA-ÁS**
leitar eftir þjónustufólki í veitingasal. Upplýsingar, umsóknir og meðmæli berist á netfangið johann@laugaas.is.

Vantar smið (eða mann með reynslu við smíðar) og mann vanann múr/sprunguviðg. ofl. uppl. Þórður í S.6185286 thordurmurari@gmail.com

Kranamaður óskast á Suðurnesjum. Upplýsingar í síma 8400609

Óskum eftir að ráða verkamenn og múrara sem fyrst. Uppl. sendist á: murogradgjof@gmail.com

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

**HEITAR KONUR**
Heitar íslenskar konur geta fengið ævilanga ókeypis áskrift að Íslendingum.eu. Frekari upplýsingar á „heitarkonur.eu"

**365 Lofthraði**
MEIRI HRAÐI Í BÚSTAÐINN



- MEIRI HRAÐI
- STÖÐUGRA SAMBAND
- INNLENT NIÐURHAL INNIFALIÐ

Athugaðu hvort að þú getir fengið Lofthraða í bústaðinn þinn, kynntu þér málið á lofthradi.is

Lofthradi.is | Sími 1817 365

**Blaðberinn bíður þín**

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið



**STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS**
Félag Fasteignasala | vísir
Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!

**Ali**
**Söludeild**
**Ali**
*(Síld og fiskur ehf)*
**Óskum eftir að ráða starfsmann á söludeild í tiltekt á pöntunum.**
*Vinsamlega hafið samband í síma:*
*Bjarki gsm: 692 5358*
*eða sendið okkur póst á: bjarki@ali.is*
*Dalshrauni 9b - 220 Hafnarfirði*
4446/

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**OPIN HÚS Í DAG**

**Ljósvallagata 24. – 101 RVK.**
**Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45**




Mjög björt og vel skipulögð 76,9 fm. íbúð með vestursvölum auk u.þ.b. 5,0 fm. sér geymslu í mjög fallegu steinsteyptu og góðu húsi við Ljósvallagötu. Íbúðin er í góðu ástandi að innan og húsið að utan sömuleiðis. Baðherbergi er nýendurnýjað. Auðvelt er að breyta annarri stofunni í svefnherbergi.
**Verð 37,9 millj.**
**Staðsetning er frábær við eina af fallegri götum miðborgarinnar.**
**Verið velkomin.**

**Lindasmári 48 - 201 Kópavogi.**
**Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45**




Mjög fallegt 171,0 fm. raðhús á tveimur hæðum að meðtöldum 21,2 fm. innbyggðum bílskúr. Mjög góð eign með snyrtilegum innréttingum og möguleika á 5 svefnherbergjum. Góður sólskáli með útgengi út á stóran sólpall. Stórt hellulagt bílaplan fyrir framan bílskúr.
**Verð 51,9 millj.**
**Verið velkomin.**

**DOMUSNOVA Fasteignasala**
Nýbýlavegur 8. 2.hæð 200 Kópavogur eignir@domusnova.is S 527 1717

**Skjólbraut 2 - 200 kópavogi** **Verð : 34.900.000**



**OPIÐ HÚS FIMMTUDAGINN 6.ágúst kl 18:00-18:30**

**DOMUSNOVA KYNNIR :** Falleg og mikið endurnýjuð íbúð með bílskúr í vesturbæ Kópavogs.

Hér er um að ræða gullfallega mikið endurnýjaða íbúð í grónu hverfi vesturbæ kópavogs .
Allar endurbætur á eigninni eru til fyrirmyndar og hefur verið vandað til hvers verks.
Viðbygging öll tekin í gegn að utan ,múrviðgerð, vatnsvarinn filltuð 2x pússuð og máluð með steinvara 2000 eign sem vert er að skoða

**Nánari upplýsingar veita Stefán Páll í síma 694-7186 eða stefanp@domusnova.is og Einar Hannesson löggiltur fasteignasali einar@domusnova.is**

**WWW.DOMUSNOVA.IS**

**Stjörnusól**
Fjarðargata 17 · Sími: 555-7272

## Vaktstjóri á Sólbaðsstofu!

Erum að leita að vaktstjóra í fullt starf. Um er að ræða dagvinnu alla virka daga ásamt íhlaupum eftir þörfum.

Viðkomandi þarf ásamt afgreiðslu og daglegum verkum m.a að sjá um,
- Panta vörur
- Manna vaktir
- Halda utan um mætingu starfsfólks
- Almenna umhirðu búnaðar

Aðeins ábyrg og þroskuð manneskja kemur til greina.

**Upplýsingar og umsóknir sendist á gfelix@hive.is**

## Veðurspá

Miðvikudagur

Norðaustan 8-15 m/s í dag, miðvikudag, hvassast SA-lands austan Öræfa og V-lands. Dregur smám saman úr vindi. Rigning A-til, en skýjað og úrkomulítið V-til. Hiti 8 til 18 stig, hlýjast SV- og S-lands.






## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | 19 | | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** íþrótt, **6.** frá, **8.** ferðalag, **9.** nægilegt, **11.** gelt, **12.** stólpi, **14.** niðurfelling, **16.** snæddi, **17.** skel, **18.** draup, **20.** ólæti, **21.** engi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** djæf, **3.** úr hófi, **4.** fullveðja, **5.** af, **7.** skóhljóð, **10.** gifti, **13.** kvk nafn, **15.** álits, **16.** spíra, **19.** mun.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** golf, **6.** af, **8.** för, **9.** nóg, **11.** gá, **12.** staur, **14.** afnám, **16.** át, **17.** aða, **18.** lak, **20.** at, **21.** akur.
**LÓÐRÉTT: 1.** dans, **3.** of, **4.** lögráða, **5.** frá, **7.** fótatak, **10.** gaf, **13.** una, **15.** mats, **16.** ála, **19.** ku.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Oscar Panno hafði svart gegn Diaz í Rio de Janeiro árið 1990.**

**1.…Dxg3+!! 2 Kg1** (Hvítur er mát eftir 2. Kxg3 Be5#) **2.…Be5!** Hvítur gaf enda varnarlaus.

**www.skak.is:** Ávallt nýjustu skákfréttirnar.



**Svartur á leik**




## Myndasögur

**PONDUS**

Eftir Frode Øverli




**GELGJAN**

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN**

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | 8 | 5 | 7 | | | 9 |
| | | 9 | | | | 6 | | |
| | 1 | | | 2 | | 4 | | 7 |
| 3 | | 7 | | | 4 | | 2 | |
| | | | 6 | | | 7 | | 4 |
| | | | | | 5 | 8 | | |
| 6 | | | | | 2 | 9 | | |
| 1 | 7 | 8 | | | | 2 | | |
| 4 | | 2 | 7 | 3 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | | 4 | | 7 | 5 | 3 | |
| | 5 | | 1 | | | | | |
| | 9 | | | | | 6 | | |
| 5 | | | 2 | 8 | | | | 1 |
| | 6 | | | 7 | 4 | | | |
| | 7 | 8 | | 1 | | 3 | 2 | |
| | | | 5 | | 8 | 9 | | |
| | | 9 | | | | | | |
| | 3 | | | 4 | 6 | | 8 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | | 2 | | | | 4 | 9 |
| 4 | 7 | | 5 | | | | 6 | |
| | | | 6 | 3 | | | | |
| | | 1 | | 6 | | 8 | | |
| | | | | | | 3 | | |
| 7 | | | | | | | | |
| | | 6 | 4 | 5 | | | 2 | 1 |
| | | | | | 2 | | | 7 |
| 2 | 9 | | | | | 5 | | 4 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 9 | 5 | 4 | 8 | 2 | 7 | 1 | 3 |
| 4 | 1 | 2 | 3 | 5 | 7 | 6 | 8 | 9 |
| 3 | 7 | 8 | 9 | 1 | 6 | 4 | 2 | 5 |
| 7 | 4 | 6 | 5 | 3 | 1 | 8 | 9 | 2 |
| 5 | 8 | 9 | 6 | 2 | 4 | 3 | 7 | 1 |
| 2 | 3 | 1 | 7 | 9 | 8 | 5 | 4 | 6 |
| 8 | 2 | 3 | 1 | 4 | 5 | 9 | 6 | 7 |
| 9 | 6 | 4 | 2 | 7 | 3 | 1 | 5 | 8 |
| 1 | 5 | 7 | 8 | 6 | 9 | 2 | 3 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 5 | 6 | 8 | 2 | 9 | 1 | 3 | 4 |
| 3 | 8 | 1 | 4 | 6 | 7 | 5 | 9 | 2 |
| 9 | 2 | 4 | 3 | 1 | 5 | 6 | 7 | 8 |
| 2 | 7 | 8 | 5 | 3 | 1 | 9 | 4 | 6 |
| 1 | 6 | 3 | 2 | 9 | 4 | 7 | 8 | 5 |
| 4 | 9 | 5 | 6 | 7 | 8 | 2 | 1 | 3 |
| 8 | 4 | 7 | 1 | 5 | 2 | 3 | 6 | 9 |
| 5 | 3 | 9 | 7 | 8 | 6 | 4 | 2 | 1 |
| 6 | 1 | 2 | 9 | 4 | 3 | 8 | 5 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 7 | 3 | 9 | 2 | 5 | 1 | 4 | 6 |
| 1 | 2 | 6 | 3 | 4 | 8 | 7 | 5 | 9 |
| 4 | 5 | 9 | 6 | 7 | 1 | 2 | 3 | 8 |
| 2 | 6 | 1 | 4 | 8 | 9 | 3 | 7 | 5 |
| 3 | 8 | 7 | 1 | 5 | 6 | 4 | 9 | 2 |
| 5 | 9 | 4 | 2 | 3 | 7 | 6 | 8 | 1 |
| 6 | 3 | 5 | 8 | 1 | 4 | 9 | 2 | 7 |
| 9 | 4 | 8 | 7 | 6 | 2 | 5 | 1 | 3 |
| 7 | 1 | 2 | 5 | 9 | 3 | 8 | 6 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.
Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# SJÓNVARPS TILBOÐ




LG Life's Good

**LG 55LF561V**
55" FHD Led sjónvarp með 1920 x1080p upplausn og 300Hz PMI. Triple XD Engine. Dynamic Color Enhancer. Real Cinema 24p. Stafrænn DVB-C/T2/S2 móttakari. Gervihnattamóttakari. 1 x USB. 1 x HDMI. Scart, Component og CI rauf. USB upptaka.

**TILBOÐ**
**149.990**
FULLT VERÐ **189.990**




**LG 42LB650V**
42" Full HD 3D Smart LED Wifi sjónvarp með 1920 x 1080p Full HD upplausn og DVB-T2+S2 móttakara. IPS skjár. 500Hz MCI. Triple XD Engine / Picture Wizard II. Tru Black Control / Real Cinema 24p. Dual Core örgjörvi. Nettenging með opnum netvafra. Wi-Fi. LG Cloud, Miracast. Media Share - DLNA. Cinema 3D / 2D to 3D. Gervihnattamóttakari. Upptökumöguleiki. 3 x USB. 3 x HDMI. Apple og Android síma- og spjaldtölvuapp.

**TILBOÐ**
**109.990**
FULLT VERÐ **179.990**




**LG 49LF540V**
49" FHD LED sjónvarp með 1920 x1080p upplausn og 300Hz PMI. Triple XD Engine. Dynamic Color Correction. Real Cinema 24p. Stafrænn DVB-C/T2/S/S2 móttakari. Gervihnattamóttakari. 1 x USB. 1 x HDMI tengi, Scart, Component og CI rauf. USB upptökumöguleiki.

**TILBOÐ**
**119.990**
FULLT VERÐ **139.990**




**LG 55LB582V**
55" Full HD Smart IPS LED sjónvarp með 1920 x1080p upplausn og DVB-T2+S2 móttakara. 100Hz MCI. Triple XD Engine. Picture Wizard III. Real Cinema 24p. Netcast - Nettenging með opnum netvafra. Wi-Fi þráðlaus móttakari. LG Cloud, Miracast, Wi-Fi Direct. Gervihnattamóttakari. Skype ready. 3 x USB. 3 x HDMI. Scart, Component og heyrnatólstengi. Ethernet, Optical út og CI rauf. USB upptökumöguleiki. Intelligent Sensor. Magic remote - Ready. Apple og Android síma- og spjaldtölvuapp.

**TILBOÐ**
**159.990**
FULLT VERÐ **179.990**




**LG 49UB820V**
49" Ultra HD Smart LED sjónvarp með 4K 3840 x 2160p upplausn.100Hz MCI. TRU-ULTRA HD ENGINE. Triple XD Engine. Picture Wizard III. TBD birtuskynjari. Dual Core örgjörvi. NetCast 4.5 og opinn vafri. LG Cloud, Miracast, X-tra screen, NFC, Wi-Fi Direct. Smart TV nettenging með opnum netvafra. Stafrænn DVB-C/T2/S/S2 móttakari. Innbyggður gervihnattamóttakari. 4 x HDMI. 2 x USB 2.0. 1x USB 3.0. USB upptaka. Scart, Component og heyrnatólstengi. Ethernet, Optical út og CI rauf. Magic Remote.

**TILBOÐ**
**159.990**
FULLT VERÐ **229.990**

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

LG Life's Good

# Flöskuskeyti send milli Eyja og lands

Þegar Gunnhildur Hrólfsdóttir sagnfræðingur lagðist í grúsk um gengnar kynslóðir í Vestmannaeyjum rak hún sig á að kvenna væri þar sjaldan getið. Nú hefur hún skrifað bókina Þær þráðinn spunnu sem fjallar um konurnar í Eyjum, líf þeirra, ástir, sorgir og sigra.

**Gunnþóra Gunnarsdóttir**
gun@frettabladid.is

„Ég er fædd í Eyjum og bjó þar fram að gosi. Heimilið mitt fór undir hraun og í mér var söknuður og sorg yfir örlögum austurbæjarins. Þar sem ég hef einnig mikinn áhuga á sagnfræði lagðist ég í lestur um líf fólks í Eyjum. Þá komst ég að því að kvenna er þar sjaldan getið nema þær hafi gert mönnum sínum þann óleik að deyja frá börnum eða væru mæður mikilmenna. Mér hljóp kapp í kinn og ég fór að taka saman efnið sem nú er komið út á bók.“ Þannig lýsir Gunnhildur Hrólfsdóttir sagnfræðingur aðdraganda að útgáfu bókarinnar Þær þráðinn spunnu þar sem hún einbeitir sér að konunum í Vestmannaeyjum.

Upphafsár bókarinnar er 1835 og hún endar á níunda áratug síðustu aldar. „Ég fjalla ekki bara um skörunga heldur líka þær sem unnu verk sín í hljóði en lögðu samt mikið af mörkum, þannig að útkoman er þverskurður,“ segir Gunnhildur. Spurð út í sérstöðu kvenna í Eyjum, samanborið við konur annars staðar nefnir Gunnhildur vatnsskortinn sem setti sterkan svip á daglegt líf. „Það kom ekki vatnsveita í Eyjum fyrr en 1968 og ég á enn erfitt með að láta vatn renna að óþörfu. Konurnar í Eyjum lifðu í stöðugum ótta við að missa feður sína og eiginmenn í sjóinn. Svo var þessi einangrun, það liðu mánuðir svo ekki var fært milli lands og Eyja. Ég er með mynd af síðasta flöskupóstinum sem vitað er um, hann er frá konu sem var að senda pabba sínum bréf frá Eyjum upp á land árið 1920.“

Hún hefur þá treyst á að aldan skolaði flöskunni á land á réttum stað. „Já, margt fólk sótti til Eyja á vertíð undan Eyjafjöllunum, og ílentist þar. Í ákveðinni suðvestanátt var viss möguleiki á að góss frá Eyjum ræki upp á Skúmsfjöru og það var skylda þess sem fann flöskuskeyti að koma því í réttar hendur því það gat flutt mikilvæg skilaboð. Stundum fylgdi kannski smá tóbaksögn með í flöskunni. Ég geri ráð fyrir að skeytið sem ég er með sýnishorn af sé sent meira til gamans en alvöru því síminn kom milli lands og Eyja árið 1911.“

Gunnhildur kveðst birta nokkur viðtöl í bókinni. „Ég náði í skemmtilegar konur sem sögðu mér frá kreppunni, stríðsárunum, hermönnunum, skátunum og öllu mögulegu. Ein fór skiptinemi til Grænlands, önnur var kokkur á síldarbát og fyrsta konan sem útskrifaðist rafvirki segir frá því hvernig það gerðist. Það rann líka upp fyrir mér hvað Eyjakonur bjuggu við mikla angist eftir gosið. Meðan karlmennirnir voru að hamast við að bjarga öllu úti í Eyjum voru þær hér og þar með börnin og höfðu ekki hugmynd um hvernig allt mundi enda.“

Þær þráðinn spunnu er gefin út af FRUM, það fyrirtæki er í eigu Gunnhildar og eiginmanns hennar, Finns Eiríkssonar, og vinnur minni prentverk og auglýsingar. Margar myndir prýða bókina og Gunnhildur lofar mjög söfnin í Eyjum og starfsfólkið þar. „Starfsfólk safnanna leitaði og gramsaði og fann allt mögulegt sem mér kom að gagni. Það var ómetanlegt.“



> Svo var þessi einangrun, það liðu mánuðir svo ekki var fært milli lands og Eyja.

**RITHÖFUNDURINN** „Ég náði í skemmtilegar konur sem sögðu mér frá kreppunni, stríðsárunum, hermönnunum, skátunum og öllu mögulegu,“ segir Gunnhildur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ



**KONUR ÚR FORUSTULIÐI VERKAKVENNA** Aftari röð: Ólafía Óladóttir, Helga Rafnsdóttir og Marta Þorleifsdóttir. Sitjandi Margrét Sigurþórsdóttir og Dagmey Einarsdóttir.



**ÚR BÓKINNI** Starfsstúlkur í Netagerð Vestmannaeyja í ferðalagi til Skotlands árið 1952. Efri röð: Dóra Steindórsdóttir, Erla Hermansen, Ásta Theodórsdóttir, Steina Scheving, Ingólfur Guðbrandsson fararstjóri, Jónína Einarsdóttir, Svala Sölvadóttir, Ósk Guðjónsdóttir, óþekkt (var ekki starfsstúlka í Netagerðinni). Neðri röð frá vinstri: Þyrí Ágústsdóttir, óþekkt, óþekkt, Ingibjörg Þórðardóttir, Soffía Björnsdóttir.

# Herrarnir í Olgu kitluðu hláturtaugar tónleikagesta

TÓNLIST ★★★★

**Olga Vocal Ensemble**
Háteigskirkju
**MIÐVIKUDAGINN 29. JÚLÍ**

Ég heyrði fyrst Sönghópinn Olgu (Olga Vocal Ensemble) á tónleikum í Langholtskirkju í fyrra. Tónleikarnir ollu vonbrigðum, þeir voru ofhlaðnir og söngurinn var hrár. En það var annað uppi á teningnum í Háteigskirkju á miðvikudaginn var.

Dagskráin bar nafnið The Good Ol‘ Days Program og samanstóð eftir því af gömlum slögurum. Þeir voru bæði íslenskir og útlendir, þar á meðal Hagavagninn, Móðir mín í kví, kví, Smávinir fagrir, Swing Low og Chattanooga Choo Choo.

Ekki er ljóst af hverju sönghópurinn heitir Olga. En hann samanstendur af fimm ungum mönnum og eru tveir þeirra íslenskir. Þetta eru þeir Bjarni Guðmundsson, Jonathan Ploeg, Gulian van Nierop, Pétur Oddbergur Heimisson og Philip Barkhudarov. Þeir eru allir nemendur Jóns Þorsteinssonar söngvara. Hann starfaði lengi hér á landi en flutti til Utrecht fyrir allnokkru síðan.

Lögin á dagskránni voru án undirleiks. Það er ekki sjálfgefið að tónlist sem þannig er háttað um hljómi vel. Af hverju ekki? Jú, fimm manna sönghópur er í rauninni ekkert annað en pínulítill kór. Ólíkt stærri kórum er ekki hægt að svindla með því að fela sig á bak við heildina. Í fimm manna sönghóp heyrist hver rödd skýrt og greinilega. Misfellur verða augljósar. Sérstaklega þegar enginn píanóleikari er til að styðja við sönginn.

Ánægjulegt er að segja frá því að frú Olga stóð fyllilega undir kröfunum. Hópurinn hefur tekið gríðarlegum framförum síðan í fyrra. Innhverfu lögin voru sungin af næmri tilfinningu. Samsöngurinn var fágaður, raddirnar voru tærar og markvissar og pössuðu vel saman. Ærslafengnari músík hitti líka í mark. Hraðar hendingar voru nákvæmar og fínt jafnvægi var á milli aðal- og undirradda.

Sviðsframkoman var skemmtileg. Mörg lögin voru krydduð með leikrænum tilburðum sem kitluðu hláturtaugar áheyrenda. Sumar útsetningarnar voru einnig skondnar í sjálfu sér, eins og til dæmis Hagavagninn eftir Jónas Jónasson. Þar hermdu söngvararnir eftir vélarhljóði strætisvagnsins. Það var eins konar gobbedí gobbedí, sem féll fullkomlega að sönglínunni. Þetta var hnitmiðað, stílhreint og furðulega sannfærandi. Annað var eftir þessu. Óhætt er að segja að tónlistin hafi runnið ljúflega niður. Maður gekk glaður út úr kirkjunni að tónleikunum loknum.

*Jónas Sen*

**NIÐURSTAÐA:** Líflegir tónleikar. Vandaður, kraftmikill söngur og notaleg tónlist.



**OLGA VOCAL ENSEMBLE** Óhætt er að segja að tónlistin hafi runnið ljúflega niður, segir meðal annars í dómnum. MYND/FELIPE PIPI

**FRAMÚRSKARANDI VINKONA** EFTIR **ELENU FERRANTE**

# „ALLIR ÆTTU AÐ LESA ALLT EFTIR ELENU FERRANTE!“

– Boston Globe




„Framúrskarandi vinkona er stór í sniðum, heillandi og skemmtilega mönnuð uppvaxtarsaga.“
– THE NEW YORKER

Napólí-sögur Elenu Ferrante fara nú sannkallaða sigurför um heiminn. Elena og Lila alast upp í alþýðuhverfi í Napólí á sjötta áratugnum, þegar heimurinn er að taka miklum stakkaskiptum. Þetta er stórbrotin saga af vináttu, umbreytingum og lífsins gangi.

Elena Ferrante er einn vinsælasti höfundur Ítalíu um þessar mundir og bækur hennar eru þýddar á ótal tungumál. Ferrante fer huldu höfði, hefur aldrei veitt viðtöl né nokkurs staðar komið fram.

BJARTUR

DYNAMO REYKJAVÍK

# Ofnbakaður lax í suðrænni sveiflu

Sumarlegur og einfaldur lax sem fljótlegt er að skella í og hentar vel sem kvöldmatur í miðri viku.



- 500 g laxaflök
- 1 dl sojasósa
- 1 dl olía
- 2 cm engiferrót
- ½ chili, fræhreinsað
- 1 msk. ferskur kóríander, smátt saxaður
- sesamfræ
- salt og pipar, magn eftir smekk

Roð- og beinhreinsið laxaflökin, skerið fiskinn niður í álíka stóra bita. Afhýðið engifer, fræhreinsið chili og saxið smátt. Setjið engifer, chili, kóríander, sojasósu, salt, pipar og olíu í matvinnsluvél og maukið. Leggið laxabitana í eldfast mót og setjið maukið á laxinn, leyfið að standa í 30 mínútur í kæli. Snöggsteikið fiskinn á pönnu, í eina mínútu á hvorri hlið. Sáldrið sesamfræjum yfir fiskinn og setjið hann inn í ofn við 180°C í 8-10 mínútur.

### Mangósalsa

- 1 ferskt mangó í teningum
- 1 meðalstór fínsaxaður rauðlaukur
- ½ agúrka, smátt skorin
- 10 kirsuberjatómatar, smátt skornir
- 1 msk. fínsaxaður kóríander
- 1 meðalstór lárpera
- Safi og rifinn börkur af ½ límónu
- 1 tsk. gróft salt
- Nýmalaður svartur pipar, magn eftir smekk

Blandið öllu sem er í uppskriftinni vel saman og geymið í kæli í 30 mínútur.

### Létt sósa með kóríander

- 1 lítil dós sýrður rjómi
- safi og rifinn börkur af ½ límónu
- 1 msk. smátt saxaður kóríander
- 2 pressuð hvítlauksrif
- 1 tsk. hunang
- salt og pipar, magn eftir smekk

Þetta allt er hrært vel saman, einfaldara verður það ekki.

*Uppskrift fengin af Evalaufeykjaran.com*

# GÖTUTÍSKAN Í HERJÓLFSDALNUM Á INSTAGRAM

Margir gestir Þjóðhátíðar fóru sínar eigin leiðir í klæðaburðinum og létu ekki sjá sig í skærgulum pollafötum í brekkunni eins og svo margir. Fréttablaðið tók saman nokkra af best klæddu Þjóðhátíðargestum liðinnar helgar.



**@ORRIHELGASON** Ég og Lárus í Lárus



**@KARITASSIGURDAR** What up Vestmannaeyjar



**@EMILINIHO** Tveir tæpir taka dalinn



**@SVAVARUUN** Lífið er yndislegt



**@ANDREAROFN** Þjóðhátíð



**@EDDAKON** Westman Island Virgin – We out here

# SAMSUNG

# SPARIDAGAR

## Tilboð • Afslættir • Verðlækkun




48″ eða 55″ UltraHD Samsung sjónvörp með þráðlausu interneti

**UE48JU6415 kr.199.900.-**
**UE55JU6415 kr. 269.900.-**



43″ Samsung sjónvarp með þráðlausu interneti.
**UE43J5505AK kr. 106.000.-**




48″ eða 55″ UltraHD bogin Samsung sjónvörp með þráðlausu interneti.

**UE48JU6675 kr. 199.900.-**
**UE55JU6675 kr. 269.900.-**

## SKELLTU ÞÉR SPARIFÖTIN - AFSLÁTTUR ALLAN HRINGINN

### SOUNDBAR - BEINIR




**Áttu 48″ SAMSUNG sjónvarp?**
**Soundbar HW-H751 silfur 310W m. með bassaboxi.**

### HLJÓMFLUTNINGSTÆKI




**Fullkomnaðu SAMSUNG sjónvarpið þitt.**
**Heimabíó HT-ES6600, silfur með 2.1. kerfi**

### ÞVOTTAVÉLAR OG ÞURRKARAR



**Þurrkari með varmadælu**
**DV70F5E0HGW**
**106.000.-**

**Þvottavél 7kg.**
**WF70F5E3P**
**84.900.-**

### SOUNDBAR - BOGNIR




**Áttu 55″ SAMSUNG sjónvarp?**
**Soundbar HW-H7500 svart 310W m. bassaboxi.**

### MYNDAVÉLAR

**SAMSUNG NX1000** **SAMSUNG NX210**




20.3 milljón pixlar / 3″ (7.62cm) LCD Skjár 640 x 480, 614k / APS-CMOS Sensor / 8 rammar á sec / Hægt að skipta um linsur / Direct Wi-fi / I-Function linsa / Hljóðupptaka með mynd / Smart Auto / Panorama, 3D View

**Kr. 49.900,-** **Kr. 69.900,-**

### TÖLVUSKJÁIR OG PRENTARAR




**Allar helstu gerðir af prenturum og gott úrval af hágæða tölvuskjám frá SAMSUNG.**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

**SAMSUNG SETRIÐ**

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR BYGG** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** | **TÆKNIBORG** | **OMNIS** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 |

LAUGARÁSBÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| TRAINWRECK | 5, 8, 10:35 |
| FANTASTIC FOUR | 8, 10:15 |
| MISSION IMPOSSIBLE | 8, 10:35 |
| PIXELS 3D | 5 |
| SKÓSVEINARNIR 2D | 4 |
| MINIONS 2D | 6 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is

| ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 2:50 - 5:15 - 8 - 10:45 |
| MISSION: IMPOSSIBLE VIP | KL. 2:50 - 5:15 - 8 - 10:45 |
| FANTASTIC 4 | KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 |
| ANT-MAN 2D | KL. 3 - 5:20 - 8 - 10:45 |
| THE GALLOWS | KL. 10:45 |
| MAGIC MIKE XXL | KL. 8 |
| SKÓSVEINARNIR ÍSL TAL 2D | KL. 3:40 - 5:50 |
| TERMINATOR 2D | KL. 10:40 |
| INSIDE OUT ÍSL TAL 2D | KL. 3:40 - 5:50 |
| JURASSIC WORLD 2D | KL. 8 |
| KEFLAVÍK | |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 10:45 |
| FANTASTIC 4 | KL. 9 |

| EGILSHÖLL | |
|---|---|
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 5:20 - 8 - 9:30 - 10:45 |
| FANTASTIC 4 | KL. 5:40 - 7 - 8 - 10:20 |
| ANT-MAN 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 6 - 9 - 10:30 |
| ANT-MAN 3D | KL. 5:20 - 8 |
| THE GALLOWS | KL. 10:30 |
| MAGIC MIKE XXL | KL. 8 |
| INSIDE OUT ENSKT TAL 2D | KL. 5:50 |
| AKUREYRI | |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 5:15 - 8 - 10:45 |
| ANT-MAN 2D | KL. 8 |
| THE GALLOWS | KL. 10:45 |
| INSIDE OUT ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
Daily with english subtitle at 17.30 at Haskolabio University Cinema
Sýningartímar á eMiði.is og miði.is



**13 ÁR SAMAN** Hjónin eiga 13 ára brúðkaupsafmæli eftir mánuð. MYND/GETTY

# Gwen sækir um skilnað

Gwen Stefani hefur sótt um skilnað frá Gavin Rossdale en í næsta mánuði hefðu þau haldið upp á 13 ára brúðkaupsafmælið.

Saman eiga þau synina Kingston, Zuma og Appollo. Þau kynntust þegar hljómsveit Stefani var að hita upp fyrir hljómsveit Rossdale árið 1996.

Þau hafa í gegnum tíðina verið talin eitt best klædda par Hollywood en þau eru bæði miklir rokkarar og hafa sérstakan fatasmekk.

Samkvæmt heimildum Daily Mail sótti Gwen um skilnaðinn vegna gruns um að Gavin hafi verið að halda framhjá henni í einhvern tíma.



**HÓGVÆR** Zooey hefur aldrei verið mikið fyrir að auglýsa einkalíf sitt.

# Gift og eignaðist barn í laumi

Leikkonan Zooey Deschanel hefur alltaf látið lítið fara fyrir einkalífi sínu en talskona á vegum hennar tilkynnti á dögunum að hún væri búin að eignast barn og gifta sig.

Sá heppni er Jacob Pechenik og eignuðust þau saman heilbrigða stúlku nú á dögunum. Brúðkaupið var haldið í Austin í Texas en hin nýfædda dóttir þeirra er fædd í þeirri borg.

Engan erlendan fjölmiðil grunaði að þau væru orðin hjón, en yfirleitt er erfitt að halda brúðkaupi leyndu í Hollywood. Zooey er þekktust fyrir hlutverk sitt í gamanþáttunum New Girl en hún hlaut Emmy-verðlaun og nokkrar Golden Globe-tilnefningar fyrir leik sinn.



**SÓLIN SKEIN** Veðrið lék við viðstadda í gær þegar regnbogi var málaður á Skólavörðustíg. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hinsegin dagar hófust í gær

Regnbogi var málaður á Skólavörðustíg í gær á setningarathöfn Hinsegin daga þar sem sólin skein á viðstadda.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Eva María Þórarinsdóttir Lange, formaður Hinsegin daga, máluðu regnboga á Skólavörðustíginn í gær.

Viðburðurinn var hluti af setningarathöfn Hinsegin daga en þeir standa yfir til sunnudags og verður Gleðigangan farin á laugardaginn og er hátíðin nú haldin í sautjánda sinn.

„Maður á bara einhvern veginn ekki orð yfir hvað þetta var fallegur og skemmtilegur viðburður. Veðrið gæti ekki hafa verið betra og skemmtilegur hópur af fólki sem kom á staðinn. Dagur í banastuði með okkur og brosandi börn að taka þátt í að mála Skólavörðustíginn,“ segir Gunnlaugur Bragi Björnsson, gjaldkeri Hinsegin daga, glaður í bragði.

Götumálunin er hluti af verkefninu Sumargötur í Reykjavíkurborg og var unnin í samstarfi við umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar og hófst setningarathöfnin á því að opnuð var sýning á 24 ljósmyndum sem ljósmyndarinn Geirax hefur tekið á ýmsum viðburðum á Hinsegin dögum á síðustu árum.

„Við erum bara með tárin í augunum af að sjá þetta rúlla svona fallega af stað, svo maður leyfi sér að vera væminn,“ segir Gunnlaugur, en þetta var í fyrsta sinn sem götumálun er hluti af Hinsegin dögum. „Það er spurning, ég ætla ekki að fara að lofa upp í ermina á mér alveg strax,“ segir hann þegar hann er spurður að því hvort þetta verði mögulega fastur hluti af hátíðarhöldum komandi ára. „Miðað við ánægjuna innan okkar raða með þennan viðburð væri gaman að sjá þetta verða árlegt, hvort sem það væri á Skólavörðustíg eða einhvers staðar annars staðar í miðbænum,“ segir Gunnlaugur að lokum.



**HÁTÍÐIN SETT** Eva María Þórarinsdóttir Lange, formaður Hinsegin daga, og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri settu hátíðina í gær með opnun ljósmyndasýningar á Skólavörðustíg.

Nánari upplýsingar um dagskrána má nálgast á vefsíðunni Hinsegindagar.is.

gydaloa@frettabladid.is

# DEBENHAMS

## SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR

## GÖTU-MARKAÐUR

HEFST Í DAG
ENN LÆGRA VERÐ

Síðustu forvöð að gera dúndurkaup!

Bláa bomban heldur áfram inni í versluninni

20%
VIÐBÓTARAFSLÁTTUR
AF FLESTUM
ÚTSÖLUVÖRUM

**Opið** 11:00 - 19:00

Gildir út sunnudag
Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

## Aðeins 3 DAGAR Í FYRSTA LEIK Í ENSKU ÚRVALSDEILDINNI 2015-2016

### ➜ Tekst Gylfa Þór Sigurðssyni og félögum í Swansea að tryggja sér Evrópusæti?

Íslenskir áhugamenn um enska boltann eiga það flestir sameiginlegt að fylgjast vel með gangi mála hjá eina Íslendingaliði ensku úrvalsdeildarinnar burtséð frá því með hvaða liði þeir halda í sjálfri deildinni. Íslenski landsliðsmaðurinn Gylfi Þór Sigurðsson stimplaði sig með frábærum hætti inn í velska liðið Swansea City á síðustu leiktíð og átti mikinn þátt í að Swansea náði sínum besta árangri í ensku úrvalsdeildinni frá upphafi, bæði hvað varðar sæti og stig.

Áttunda sæti var þó ekki nóg til að skila Swansea-liðinu í Evrópukeppnina, því þar vantaði bara eitt sæti og fjögur stig upp á. Southampton tók sjöunda og síðasta Evrópusætið en nú er að sjá hvort Gylfi og félagar geti tekið eitt skref upp og komið liðinu í Evrópu.

Byrjun Gylfa á síðustu leiktíð var draumi líkust, hann lagði upp fyrsta mark ensku úrvalsdeildarinnar og skoraði síðan sigurmarkið sjálfur í 2-1 sigri á Manchester United á Old Trafford. Swansea fær aftur verðugt verkefni í fyrsta umferð þegar liðið sækir Englandsmeistara Chelsea heim á Stamford Bridge í kvöldleik laugardagsins. Það er erfitt að ætlast til sömu draumabyrjunar og í fyrra, ekki síst þegar litið er til þess að Swansea-liðið fékk á sig níu mörk í tveimur leikjum við Chelsea á síðustu leiktíð.

Fyrsti leikurinn ræður ekki úrslitum um tímabilið hjá Swansea en getur vissulega gefið tóninn fyrir leiktíðina.

Fréttablaðið býst við að Swansea haldi áttunda sætinu og verði aftur að sætta sig við það að rétt missa af sæti í Evrópukeppninni. Hér til hliðar má sjá fyrsta hlutann í spá Fréttablaðsins fyrir tímabilið en við höldum síðan áfram að spá næstu daga.



### SPÁ FRÉTTABLAÐSINS
**SÆTI 8 TIL 20**

| | |
|---|---|
| 8. SÆTI | SWANSEA CITY |
| 9. SÆTI | SOUTHAMPTON |
| 10. SÆTI | STOKE CITY |
| 11. SÆTI | CRYSTAL PALACE |
| 12. SÆTI | NEWCASTLE |
| 13. SÆTI | WEST HAM |
| 14. SÆTI | WEST BROMWICH |
| 15. SÆTI | SUNDERLAND |
| 16. SÆTI | BOURNEMOUTH |
| 17. SÆTI | ASTON VILLA |
| 18. SÆTI OG FALL | LEICESTER |
| 19. SÆTI OG FALL | NORWICH |
| 20. SÆTI OG FALL | WATFORD |

*Á morgun kemur í ljós hvaða lið enda í 5. til 7. sæti í spánni.*

# FH-ingar strögla í stóru prófunum

FH tekur á móti Val í kvöld í stórleik fjórtándu umferðar Pepsi-deildar karla. FH-ingar eru á toppnum í deildinni en þeir geta þó ekki þakkað það árangri liðsins í síðustu leikjum þess gegn hinum toppliðunum. Stórleikirnir hafa reynst Hafnfirðingum þrautin þyngri.

**FÓTBOLTI** FH og Heimir Guðjónsson fá annað tækifæri á móti gamla lærifeðurnum í kvöld þegar Ólafur Jóhannesson og hans menn í Val koma í heimsókn í Kaplakrikann. Þarna mætast liðin í 1. og 3. sæti Pepsi-deildarinnar – lið sem gætu haft sætaskipti vinni Valsmenn stóran sigur í leik kvöldsins.

Valsmenn unnu sannfærandi 2-0 sigur í fyrri leik liðanna á Hlíðarenda, sem var fyrsta af mörgum stórum prófum sem FH-ingar hafa lent í vandræðum með í deild og bikar í sumar.

FH-ingar hafa síðan spilað fjóra stórleiki í röð án þess að ná að fagna sigri og hafa þar af tapað tvisvar fyrir KR-ingum, í bæði deild og bikar. Það má sjá yfirlit yfir leikina hér fyrir neðan.

Í báðum jafnteflisleikjum FH-liðsins, á móti Íslandsmeisturum Stjörnunnar og spútnikliði Breiðabliks lentu FH-ingar undir en náðu að tryggja sér jafntefli í seinni hálfleik. Jöfnunarmarkið gegn Blikum kom í uppbótartíma.

Valsmenn hjálpa bæði sjálfum sér og KR-ingum með sigri í kvöld en sigur kæmi Hlíðarendaliðinu upp að hlið FH á sama tíma og KR-ingar gætu náð þriggja stiga forskoti með sigri á Fjölni í Grafarvogi.

FH-ingar þurfa hins vegar að fara að sýna að þeir geti klárað stóru leikina ætli þeir að endurheimta Íslandsbikarinn í Kaplakrika. Ólíkt KR og Val, sem mætast í bikarúrslitaleiknum í ár, þá er Íslandsmótið eini möguleiki FH-liðsins á titli í ár. Það hefur lítið gengið á stóra sviðinu og nú er að sjá hvort það verður saga sumarsins eða hvort FH-ingar ætla loksins að sýna klærnar í stórleik.

Það fer annars heil umferð fram í kvöld og eftir hana eiga liðin aðeins sjö leiki eftir af tímabilinu. Spennan er því farin að aukast verulega í baráttunni á toppi og botni Pepsi-deildarinnar.

Leikur ÍBV og Fylkis hefst klukkan 18.00 en klukkan 19.15 fara síðan fram eftirtaldir leikir: Víkingur-ÍA, Breiðablik-Keflavík, Fjölnir-KR, Leiknir-Stjarnan og loks leikur FH og Vals sem verður sýndur beint á Stöð 2 Sport. Klukkan 22.00 gerir Hörður Magnússon síðan upp umferðina í Pepsi-mörkunum.

ooj@frettabladid.is

**100%**

Valsmenn hafa unnið báða leiki sína á móti efstu tveimur liðunum og markatala Vals er 5-0.



**PIRRAÐIR BRÆÐUR** Davíð Þór Viðarsson og Bjarni Þór Viðarsson eiga eitthvað óuppgert við KR-inginn Stefán Loga Magnússon. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

## STÓRU PRÓFIN HJÁ FH-LIÐINU Í ÍSLENSKA FÓTBOLTANUM Í SUMAR

**ENDURKOMUSIGUR**
**4. maí á KR-velli**
*1. umferð Pepsi-deildar*
***3-1 sigur á KR***
- KR-ingar voru yfir í 23 mínútur
- FH skoraði þrjú mörk á síðustu 17 mínútum leiksins

**STEINLÁGU**
**17. maí á Vodafone-velli**
*3. umferð Pepsi-deildar*
***2-0 tap fyrir Val***
- Sigurður Egill Lárusson skoraði bæði mörk Vals
- Fyrsti marka- og stigalausi leikur FH í 3 ár

**BJÖRGUÐU STIGI Í SEINNI HÁLFLEIK**
**26. maí á Samsung-velli**
*5. umferð Pepsi-deildar*
***1-1 jafntefli við Stjörnuna***
- Stjarnan komst í 1-0 á 6. mínútu
- Stjörnumenn voru yfir í 54 mínútur

**BJÖRGUÐU STIGI Í BLÁLOKIN**
**21. júní í Kaplakrika**
*9. umferð Pepsi-deildar*
***1-1 jafntefli við Breiðablik***
- Blikar voru yfir í 21 mínútu
- Kassim Doumbia jafnaði fyrir FH í uppbótartíma

**ÚR LEIK Í BIKAR**
**5. júlí á Alvogen-vellinum**
*8 liða úrslit Borgunarbikarsins*
***2-1 tap fyrir KR***
- KR hefur unnið alla 3 bikarleiki liðanna frá 2011
- FH jafnaði tveimur mínútum eftir að KR komst í 1-0
- G. Martin skoraði sigurmark KR

**HRUN Í SEINNI HÁLFLEIK**
**19. júlí í Kaplakrika**
*12. umferð Pepsi-deildar*
***3-1 tap fyrir KR***
- FH komst í 1-0 á 11. mínútu
- KR skoraði þrjú mörk á 12 mínútum
- FH var yfir í 45 mínútur

pepsi deildin
Í KVÖLD KL. 18:45 2 SPORT 2 SPORT 3

**RISASLAGUR**

*Það verður risaslagur í Pepsi-deildinni í kvöld þegar FH-ingar taka á móti Valsmönnum. Ekki missa af stórleik fjórtándu umferðar í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport og Stöð 2 Sport 3.*

365.is | Sími 1817 365

# Fáum vonandi tækifæri seinna

Þátttökuleysi íslenskra liða undanfarin ár kom í bakið á Íslandsmeisturunum.

**KÖRFUBOLTI** Böðvar Guðjónsson, varaformaður körfuknattleiksdeildar KR, sagði að sú niðurstaða að KR tæki ekki þátt í Evrópukeppninni að þessu sinni væri óvænt og svekkjandi. KR stefndi að því að taka þátt í Evrópukeppninni í haust en það hefði verið í fyrsta sinn frá árinu 2007 sem íslenskt lið tæki þátt í keppninni.

„Þegar þessi keppni var kynnt fyrir okkur áttu 64 lið að taka þátt en á síðustu stundu var ákveðið að skera niður í 56 lið. Við úthlutun sæta var síðan farið eftir styrkleikalista og þar kom í bakið á okkur að íslensk lið hafa ekki tekið þátt undanfarin ár. Við fengum einfaldlega ekki sæti að þessu sinni vegna þátttökuleysis íslenskra liða undanfarin ár,“ sagði Böðvar, sem sagðist hafa rætt við formann Körfuknattleikssambands Íslands, Hannes S. Jónsson, um möguleika íslenskra liða á erlendri grundu..

„Ég er búinn að vera í góðu sambandi við Hannes sem er búinn að vera að aðstoða okkur. Þetta mál verður rætt á næsta stjórnarfundi og vonandi gefst íslenskum liðum tækifæri til að taka þátt á næstu árum,“ sagði Böðvar.

### Dregur ekki úr aðdráttarafli KR

Böðvar bjóst ekki við að þetta myndi hafa áhrif á leikmannamál en enn er eftir að ganga frá samningi við Michael Craion.

„Þetta dregur að mínu mati ekkert úr því aðdráttarafli sem KR hefur. Árangurinn undanfarin ár hefur verið til fyrirmyndar og hefur þetta verið góður gluggi fyrir erlenda leikmenn að sýna sig ásamt því að vinna titla. Hann bað um samningstilboð sem bíður í höndum hans og ef svo ólíklega vill til að við þurfum að leita að nýjum Kana þá vitum við allavega hvernig leikmann við þurfum.“ - kpt



**FASTIR** KR-ingar leika ekki í Evrópu eins og til stóð á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# ÚTSALA

Útilegu maðurinn®

Korputorg I 112 Reykjavík I Sími 551 5600 I utilegumadurinn.is I Opnunartími: mán-fös kl: 10-18

# Reynslan mun vonandi nýtast mér vel

Hrafnhildur Lúthersdóttir var að vonum sátt eftir að hafa lent í 6. sæti af átta keppendum í 100 metra bringusundi á Heimsmeistaramótinu í Kazan í Rússlandi. Hrafnhildur keppir í sinni sterkustu grein á fimmtudaginn og vonast til þess að ná jafnvel betri árangri þar.

**SUND** Hrafnhildur Lúthersdóttir úr Sundfélagi Hafnarfjarðar, lenti í gær í 6. sæti í úrslitasundi 100 metra bringusunds á Heimsmeistaramótinu í Kazan í Rússlandi. Varð hún fyrsta íslenska sundkonan sem keppti til úrslita í 50 metra laug en Hrafnhildur setti nýtt Íslandsmet í fyrradag er hún synti á 1:06;87 mínútum í undanrásunum. Bætti hún með því eigið Íslandsmet um rúma sekúndu sem hún setti á Smáþjóðaleikunum í júní. Hrafnhildur synti á 1:07;10 mínútum í gær, sekúndubroti hraðar en í undanúrslitunum og lauk keppni í 6. sæti.

Hrafnhildur var að vonum sátt þegar slegið var á þráðinn til hennar í gær en hún var ánægð með tækifærið að fá að synda til úrslita með bestu sundkonum heimsins.

„Þetta er auðvitað ákveðið spennufall, þetta var mjög skemmtileg reynsla fyrir mig. Ég hef aldrei komist í úrslit á jafn stóru móti og þessi reynsla mun eflaust nýtast mér síðar meir. Þetta hjálpar manni við undirbúninginn fyrir Ólympíuleikana næsta sumar,“ sagði Hrafnhildur sem náði Ólympíulágmarkinu í undanrásunum.

„Þetta voru margar af þeim stelpum sem ég hef verið að keppa við undanfarin ár. Ég hef alltaf litið upp til þeirra og verið að eltast við að ná þeim þegar við erum að keppa. Þær hafa alltaf verið hraðari en ég en það var gaman að geta synt með þeim og tekið fram úr þeim,“ sagði Hrafnhildur, sem vonaðist til þess að árangurinn í bringusundinu væri merki um það að hún myndi ná góðum árangri í öðrum greinum. Syndir hún næst á fimmtudaginn í 200 metra bringusundi sem er sterkasta grein hennar.

„Ég á mína sterkustu grein eftir á fimmtudaginn og ég vona bara að ég nái jafn góðum árangri þar ef ekki bara betri. Ég er búin að æfa stíft fyrir það og ég er mjög spennt fyrir því að sjá hvað gerist á fimmtudaginn. Þetta var gott fyrir sjálfstraustið og á sama tíma var þetta gott til að losa um stressið. Nú er ég búin að gera þetta einu sinni og er búin að læra aðeins hvernig þetta gengur fyrir sig,“ sagði Hrafnhildur sem var ánægð með aðstæðurnar í Kazan.

„Þetta er mjög flott hérna. Það er góður matur á boðstólum og félagsskapurinn er af bestu gerð. Við erum mjög samheldin og styðjum hvert annað út í eitt svo þetta hefur bara verið æðislegt hingað til,“ sagði Hrafnhildur að lokum, en hún er ekki eini sundkappinn frá Íslandi sem hefur náð góðum árangri í Rússlandi. Náði Eygló Ósk Gústafsdóttir einnig Ólympíulágmarkinu í Rússlandi þegar hún setti nýtt Íslandsmet i 100 metra baksundi.

Með því að synda í úrslitunum komst Hrafnhildur í flokk með bestu sundmönnum Íslands sem hafa synt í lokaúrslitum í 50 metra laug. Eru rúm tíu ár síðan íslenskur sundkappi keppti til úrslita. Það var þegar Örn Arnarson nældi í brons og silfur á Heimsmeistaramótinu í Fukuoka árið 2001. - kpt

## BESTI ÁRANGUR ÍSLENDINGA Á HM Í SUNDI Í 50 METRA LAUG



**2.** ÖRN ARNARSON - 100 METRA BAKSUND Á HM Í FUKUOKA 2001



**6.** HRAFNHILDUR LÚTHERSDÓTTIR - 100 METRA BRINGSUND Á HM Í KAZAN 2015



**13.** HRAFNHILDUR LÚTHERSDÓTTIR - 50 METRA BRINGUSUND Á HM Í BARCELONA 2013



**13.** JAKOB JÓHANN SVEINSSON - 200 METRA BRINGUSUND Á HM Í FUKUOKA 2001



**3.** ÖRN ARNARSON - 200 METRA BAKSUND Á HM Í FUKUOKA 2001



**8.** EÐVARÐ ÞÓR EÐVARÐSSON - 200 METRA BAKSUND Á HM Í MADRID 1986

**10.** EÐVARÐ ÞÓR EÐVARÐSSON - 100 METRA BAKSUND Á HM Í MADRID 1986




# Aron til Brimarborgar

Fer í læknisskoðun hjá Werder Bremen í dag.

**FÓTBOLTI** Aron Jóhannsson, landsliðsframherji Bandaríkjanna, er á förum frá AZ Alkmaar til Werder Bremen í Þýskalandi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins gengst Aron undir læknisskoðun hjá Werder Bremen í dag en hann gerir fjögurra ára samning við þýska liðið.

AZ hafnaði fyrsta tilboði Werder Bremen sem hljóðaði upp á fjórar milljónir evra. Hollenska liðið samþykkti hins vegar næsta tilboð Þjóðverjanna upp á rúmar fimm milljónir evra.

Fjölnir, uppeldisfélag Arons, nýtur góðs af þessum félagaskiptum en Grafarvogsliðið fær rúm þrjú prósent af kaupverðinu í samstöðubætur eftir því sem Fréttablaðið kemst næst. Það gera um 169.000 evrur, eða tæpar 25 milljónir íslenskra króna sem Fjölnir fær í sinn hlut.

Aron var tvö og hálft tímabil í herbúðum AZ en hann kom til liðsins frá danska liðinu AGF í janúar 2013. Aron lék alls 71 leik með AZ og gerði í þeim 39 mörk. Hann varð bikarmeistari með liðinu á sínu fyrsta tímabili en framherjinn sprakk svo út tímabilið á eftir (2013-14).

Aron gerði þá 17 mörk í 32 deildarleikjum og var þriðji markahæsti leikmaður hollensku úrvalsdeildarinnar. AZ endaði í 8. sæti það tímabil og náði góðum árangri í Evrópudeildinni þar sem liðið komst í átta liða úrslit.

Aron var valinn í HM-hóp Bandaríkjanna síðasta sumar og kom inn á í fyrsta leik bandaríska liðsins gegn Ghana. En ökklameiðsli útilokuðu hann frá frekari þátttöku á HM og héldu honum frá keppni fyrstu mánuði síðasta tímabils. Aron byrjaði ekki að spila með AZ fyrr en í lok október og skoraði aðeins tvö deildarmörk fyrir áramót. Hann náði sér svo vel á strik á nýja árinu og átti stóran þátt í góðu gengi AZ á lokakaflanum þar sem liðið náði þriðja sætinu í deildinni. Aron skoraði alls níu mörk í 21 deildarleik fyrir AZ í fyrra.

Aron verður fyrsti íslenski leikmaðurinn til að leika með Werder Bremen en liðið endaði í 10. sæti þýsku úrvalsdeildarinnar í fyrra. Brimaborgarliðið hefur fjórum sinnum orðið þýskur meistari, síðast 2004 en það ár vann liðið bæði deild og bikar undir stjórn Thomasar Schaaf sem stýrði Bremen í fjórtán ár. - iþs



**FJÓRÐA LANDIÐ** Aron Jóhannsson hefur áður spilað á Íslandi, í Danmörku og Hollandi.

# TOSHIBA

## FARTÖLVUR Í SKÓLANN



79.995

## EIN BESTU KAUPIN !

TOS-C50B17T

Frábær kostur fyrir þá sem vilja 15,6" fartölvu með Intel örgjörva og miklu gagnaplássi fyrir bíómyndirnar, þættina og tónlistina. Sterkbyggð og traust.

INTEL ÖRGJÖRVI | 4GB VINNSLUMINNI | 1TB DISKUR | 15,6" SKJÁR

BÆTTU VIÐ ÁRS ÁBYRGÐ Á TOSHIBA FYRIR AÐEINS 4.995,-

TOSHIBA 3 ÁRA ÁBYRGÐ TOSHIBA

Veldu um svarta eða hvíta!




BÆTTU VIÐ ÁRS ÁBYRGÐ Á TOSHIBA FYRIR AÐEINS 4.995,-

TOSHIBA 3 ÁRA ÁBYRGÐ TOSHIBA

## PENTIUM OG 1 TB

TOS-L50B20W

Hentar þeim sem vilja góða vinnslu og stóran harðan disk í senn fyrir gögn og myndefni. Allt að 7 tíma rafhlöðuending og Onkyo hátalarar með DTS hljóm. Fáanleg í hvítu og svörtu.

89.995

ÓTRÚLEGT VERÐ !



69.995

TOS-C50B133

Frábær kostur í skólann. Sprækur Intel Pentium örgjörvi og 15,6" skjár. Hátalarar með DTS hljóm, Intel HD Graphics skjákort, 4GB vinnsluminni og 500GB harður diskur.

INTEL Pentium | 4GB VINNSLUMINNI | 500GB DISKUR | 15,6" SKJÁR



INTEL i3 OG STÓR DISKUR

94.995

TOS-C50B17U

Kröftug vinnsla með Intel i3 Haswell örgjörva, öflugt Intel HD 4400 skjákort og stór 750GB harður diskur fyrir gögnin. Allt að 6 tíma rafhlöðuending.

INTEL i3 ÖRGJÖRVI | 4GB VINNSLUMINNI | 15,6" SKJÁR | 750GB DISKUR



HRAÐVIRK MEÐ SSD

99.995

TOS-L50B25R

Mjög spræk vinnsla með nýja Intel Pentium N3540 örgjörvanum og hröðum 128GB SSD diski. 8 GB vinnsluminni og allt að 7 klukkutíma rafhlöðuending.

INTEL PENTIUM ÖRGJÖRVI | 8GB VINNSLUMINNI | 15,6" SKJÁR | 128GB SSD DISKUR




Borgaðu skólainnkaupin betur 1. október Netgíró www.netgiro.is

Veldu skólavélina í Tölvulistanum og greiddu 1. október með Skólareikningi Netgíró!

tl.is

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 |

# DAGSKRÁ



21:55
**RITA**
Rita er miðaldra kennari sem fer ótroðnar slóðir og er vinsæl meðal nemendanna því hún hagar sér sjálf eins og krakki. Hún á 3 börn og þykir ekki góð fyrirmynd en það er einn maður sem kemur inn í líf hennar og hefur fulla trú á Ritu í einu og öllu! Gamanþættir með dramatísku ívafi.

FJÖLBREYTT
MIÐVIKUDAGSKVÖLD!
Fáðu þér áskrift á 365.is
365

19:45
**MINDY PROJECT**
Gamanþáttaröð um konu sem er í góðu starfi en gengur illa að fóta sig í ástarlífinu.



20:05
**COVERT AFFAIRS**
Skemmtileg þáttaröð um CIA fulltrúana Annie og Auggie og flókið samband þeirra innan og utan vinnunar.



20:45
**MISTRESSES**
Bráðskemmtilegir þættir um fjórar vinkonur og skrautleg samskipti þeirra við hitt kynið.



20:05
**OCIAN'S ELEVEN**
Frábær spennumynd á léttu nótunum með George Clooney, Matt Damon, Andy Garcia, Brad Pitt og Julia Roberts í aðalhlutverkum.



22:55
**COLD FEET**
Bráðskemmtilegir breskir þættir og fjalla um fólk á fertugsaldri sem tekst á við raunir dagsins, hvert með sínum hætti.



07:00-20.30
**BARNAEFNI ALLA DAGA**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. 365.is

## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**07.40** Big Time Rush
**08.05** The Middle
**08.30** The Crazy Ones
**08.55** Mom
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** Spurningabomban
**11.20** Höfðingjar heim að sækja
**11.50** Grey's Anatomy
**12.35** Nágrannar
**13.00** The Politician's Husband
**14.00** White Collar
**14.40** Nashville
**15.25** Man vs. Wild
**16.10** Big Time Rush
**16.30** Welcome To the Family
**16.55** Raising Hope
**17.20** Bold and the Beautiful
**17.40** Nágrannar
**18.05** The Simpsons
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.55** **Modern Family** Í hverjum þætti lenda fjölskyldurnar í ótrúlega fyndnum aðstæðum sem við öll könnumst við að einhverju leyti.
**19.15** Víkingalottó
**19.20** The Middle
**19.45** **Mindy Project** Gamanþáttaröð um konu sem er í góðu starfi en gengur illa að fóta sig í ástarlífinu.
**20.10** Covert Affairs
**20.50** Mistresses
**21.35** **Your're the Worst** Gamanþættir um tvo einstaklinga sem eru afar sjálfsgagnrýnin og veröldina í kringum sig. Þegar þau hittast virðast þau hafa hitt sálufélaga sína en tíminn leiðir það í ljós hvort samband þeirra gengur upp.
**22.00** Rita
**22.45** **Major Crimes** Þættir um lögreglukonuna Sharon Raydor sem er ráðin til að leiða sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles.
**23.30** Battle Creek
**00.15** Tyrant
**01.05** NCIS
**01.50** Son Of No One
**03.25** Stolen
**05.00** The Middle
**05.20** Covert Affairs
**06.05** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT
*besta sætið*

**11.40** KR - Breiðablik
**13.35** Community Shield 2015
**15.20** KA - Valur
**17.50** World's Strongest Man 2014
**18.45** FH - Valur
**21.20** Rey Cup S
**22.00** Pepsímörkin 2015
**23.15** FH - Valur
**01.05** Pepsímörkin 2015

## SPORT 2
*enski boltinn*

**11.45** Premier League - Preview of the Season
**12.40** Bayern München - Inter
**14.20** KR - ÍBV
**16.10** Goðsagnir - Guðmundur Steinsson
**16.45** Premier League World 2014
**17.15** Fiorentina - Barcelona
**18.55** Chelsea - Fiorentina
**21.05** Premier League - Preview of the Season
**22.00** Pepsímörkin 2015
**23.15** Chelsea - Fiorentina

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarna **20.30** Auðlindakistan **21.00** Eldað með Holta **21.30** Sjónvarp Kylfings.is

## STÖÐ 3

**18.40** Last Man Standing
**19.00** Cristela
**19.25** Hart of Dixie
**20.10** Baby Daddy
**20.35** Awake
**21.20** The Originals
**22.05** The Mysteries of Laura
**22.50** Witches of East End
**23.35** Sirens
**00.00** Supernatural
**00.45** Hart of Dixie
**01.30** Baby Daddy
**01.55** Awake
**02.40** The Originals
**03.25** The Mysteries of Laura
**04.10** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveins **07.49** Tommi og Jenni **07.55** UKI **08.00** Brunabílarnir **08.22** Kalli á þakinu **08.47** Ævintýraferðin **09.00** Lína langsokkur **09.25** Latibær **09.47** Mæja býfluga **10.00** Dóra könnuður **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli og Eyrnastór **10.55** Sumardalsmyllan **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveins **11.49** Tommi og Jenni **11.55** UKI **12.00** Brunabílarnir **12.22** Kalli á þakinu **12.47** Ævintýraferðin **13.00** Lína langsokkur **13.25** Latibær **13.47** Mæja býfluga **14.00** Dóra könnuður **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli og Eyrnastór **14.55** Sumardalsmyllan **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveins **15.49** Tommi og Jenni **15.55** UKI **16.00** Brunabílarnir **16.22** Kalli á þakinu **16.47** Ævintýraferðin **17.00** Lína langsokkur **17.25** Latibær **17.47** Mæja býfluga **18.00** Dóra könnuður **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli og Eyrnastór **18.55** Sumardalsmyllan **19.00** Pétur og kötturinn Brandur

## GULLSTÖÐIN

**17.20** Strákarnir
**17.50** Mike and Molly
**18.10** Friends
**18.35** New Girl
**19.00** How I Met Your Mother
**19.25** Tekinn
**19.55** Hæðin
**20.50** Chuck
**21.35** Cold Case
**22.20** Curb Your Enthusiasm
**22.55** Cold Feet
**23.50** Tekinn
**00.20** Hæðin
**01.15** Chuck
**02.00** Cold Case
**02.45** Curb Your Enthusiasm
**03.20** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**11.45** Hope Springs
**13.25** Cheerful Weather for the Wedding
**14.55** Ocean's Eleven
**16.50** Hope Springs
**18.30** **Cheerful Weather for the Wedding** Rómantísk gamanmynd frá 2012 með Felicity Jones, Luke Treadaway og Elizabeth McGovern í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um allt það sem ber að hafa í huga þegar brúðkaup er í vændum og hvað skal gera ef það koma upp vandamál eins og t.d. ef brúðurin lætur ekki sjá sig og fyrrverandi elskhugi hennar mætir á svæðið.
**20.05** Ocean's Eleven
**22.00** Jesse Stone: Benefit of the Doubt
**01.40** Faces in the Crowd
**03.25** Jesse Stone: Benefit of the Doubt

## RÚV

**16.15** HM íslenska hestsins 2015
**16.30** Ráðgátur Murdoch
**17.20** Disneystundin
**17.21** Finnbogi og Felix
**17.43** Sígildar teiknimyndir
**17.50** Gló magnaða
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** Neytendavaktin
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veðurfréttir
**19.35** **Sumardagar** Bein útsending úr Reykjavík þar sem Fannar Sveinsson, Benedikt Valsson og Andri Freyr bera landsmönnum fréttir úr höfuðborginni.
**19.55** Íþróttaafrek sögunnar
**20.25** Innsæi
**21.15** Neyðarvaktin
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** HM íslenska hestsins 2015
**22.35** **Hiroshima** Heimildarmynd frá BBC um kjarnorkuárásina á Hiroshima, en 6. ágúst eru 70 ár liðin frá þessum skelfilega atburði. Ítarleg umfjöllun um allt ferlið frá því að ákveðið var að gera árásina þar til hún var gerð ásamt frásögnum fórnarlamba.
**00.05** Hinterland: Penwyllt
**01.40** Fréttir
**01.55** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Talk
**09.45** Pepsi MAX tónlist
**13.30** Cheers
**13.55** Dr. Phil
**14.35** Welcome to Sweden
**15.00** Reign
**15.45** Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course
**16.15** Britain's Next Top Model
**17.05** Agent Carter
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Talk
**19.10** Million Dollar Listing
**19.55** Growing Up Fisher
**20.15** America's Next Top Model
**21.00** Girlfriends' Guide to Divorce
**21.45** Satisfaction
**22.30** Sex & the City
**22.55** Madam Secretary
**23.40** Agents of S.H.I.E.L.D.
**00.25** Extant
**01.10** Girlfriends' Guide to Divorce
**01.55** Satisfaction
**02.40** Sex & the City
**03.05** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

**08.15** PGA Tour 2015
**13.15** Golfing World 2015
**14.05** PGA Tour 2015
**18.15** Golfing World 2015
**19.05** PGA Tour 2015 - Highlights
**20.00** Einvígið á Nesinu
**20.55** PGA Tour 2015

## HRINGBRAUT

**11.00** Atvinnulífið **11.30** Fólk og frumkvæði **12.00** Fólk með Sirrý **13.00** Atvinnulífið **13.30** Fólk og frumkvæði **14.00** Fólk með Sirrý **15.00** Atvinnulífið **15.30** Fólk og frumkvæði **16.00** Fólk með Sirrý **17.00** Atvinnulífið **17.30** Fólk og frumkvæði **18.00** Fólk með Sirrý **19.00** Atvinnulífið **19.30** Fólk og frumkvæði **20.00** Mannamál **20.30** Matjurtir **20.45** Golf með Eyfa **21.15** 433 **21.45** Grillspaðinn **22.00** Mannamál **22.30** Matjurtir **22.45** Golf með Eyfa **23.15** 433 **23.45** Grillspaðinn

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin



**www.cintamani.is** | Bankastræti 7 | Austurhraun 3 | Smáralind | Kringlan

## BESTI BITINN



**Kryddlegin hjörtu er nýjasta uppáhaldið. Hlaðborð þar sem maður getur borðað á sig gat af hollum og góðum mat!**

Anna Jia, nemi og fyrirsæta

# Ætlar ekki að kveikja í sér en er ekki sáttur

## Haukur Viðar Alfreðsson stofnaði Facebook-síðuna Þyrmið lífi sprettharða selkópsins. Kópnum var þó lógað.

„Ég er ekkert að fara að kveikja í mér í Húsdýragarðinum en mér finnst þetta ákaflega lélegt. Þarna er hugrökk skepna búin að leggja mikið á sig fyrir frelsið og henni launað með því að senda hana í gin refa,“ segir Haukur Viðar Alfreðsson, textasmiður hjá auglýsingastofunni Brandenburg og selavinur með meiru. Hann stofnaði í gær Facebook-síðuna Þyrmið lífi sprettharða selkópsins.

Kópnum, sem slapp úr Húsdýragarðinum aðfaranótt mánudags var slátrað í gær, þrátt fyrir að starfsmenn Fjölskyldu- og húsdýragarðsins hefðu sagt að hann fengi að lifa fram á haust og yrði þá notaður í fóður fyrir refi.



**HAUKUR VIÐAR ALFREÐSSON**

Facebook-síðan sem Haukur Viðar stofnaði varð strax mjög vinsæl og hafði tæplega þúsund manns líkað við síðuna á fyrstu fimm klukkustundunum. „Þetta sýnir það og sannar að fólki er ekki sama og maður spyr sig hvort það megi ekki opna á þá umræðu að dýragarðar séu tímaskekkja,“ segir Haukur Viðar. „Ég fer ekki í Húsdýragarðinn, enda er ég með ofnæmi fyrir flestum dýrum, ég fór síðast í dýragarð í Þýskalandi árið 1992, mér fannst það gaman en dýrunum fannst það ekki, þó ég efist ekki um að það sé ágætlega hugsað um þau.“

Hilmar Össurarson, settur yfirdýrahirðir, segir að kópnum hafi verið lógað. „Á haustin og seinni part sumars er öllum kópum lógað vegna plássleysis,“ segir Hilmar.



**DÝR FLÓTTI** Selkópnum var refsað fyrir að reyna finna frelsið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Haukur Viðar segist hingað til ekki hafa átt erindi í garðinn og að lógun kópsins breyti svo sem engu um það. **- glp**






**GÓÐIR DÓMAR** Kammerhópurinn Nordic Affect sendi frá sér plötu sem hefur strax vakið mikla athygli í Bandaríkjunum. Platan fer í dreifingu hér á landi í dag. MYND/DAVID OLDFIELD

# Allt frá barnahjali yfir í náttúruupptökur

## Kammerhópurinn Nordic Affect sendir frá sér nýja plötu sem hefur nú þegar fengið frábæra dóma í erlendum miðlum. Björk og Sigur Rós hafa hjálpað mikið.

Bandarískir miðlar hafa lofsamað nýjustu plötu íslenska kammerhópsins Nordic Affect en hún ber nafnið Clockworking. Hún var til að mynda plata vikunnar á útvarpsstöðinni Q2 Music í Bandaríkjunum fyrir skömmu. Platan kom út á heimsvísu fyrir helgi en fer í dreifingu hér á landi í dag.

„Við erum ótrúlega ánægðar með þessi ofurjákvæðu viðbrögð. Það er greinilega mikill áhugi fyrir Clockworking og í raun bárust ótrúlega sterk viðbrögð úr hinum ýmsu áttum löngu áður en hún fór í almenna dreifingu,“ segir Halla Steinunn Stefánsdóttir, listrænn stjórnandi kammerhópsins Nordic Affect.

### Frábær gagnrýni

„Þetta er þriðja platan okkar þó að við höfum í raun spilað inn á sex plötur alls. Sú síðasta var gefin út í Hollandi og um var að ræða plötu með barokktónlist sem heyrist sjaldan eða nánast aldrei í heiminum. Clockworking er hins vegar stútfull af magnaðri tónlist eftir kventónskáld sem samin hefur verið sérstaklega fyrir okkur og því í okkar huga afurð frjós samstarfs. Öll verkin má segja að eigi það sameiginlegt að vera skrifuð á ótrúlega næmum skala og í nokkrum verkum fléttast inn í hana rafhljóð á borð við náttúruupptökur og eitt fallegasta hljóð í heimi, barnahjal.“

Bandaríska tónlistarsíðan NPR Music valdi titillag plötunnar inn í seríuna „Songs We Love“. Önnur bandarísk tónlistarvefsíða, Second Inversion, gagnrýndi plötuna á dögunum og endaði gagnrýnin á því að segja að hver einasta mínúta af þessari 45 mínútna löngu plötu ætti skilið óskipta athygli hlustandans. „Það er auðvitað mikill heiður að komast á þennan spilalista hjá NPR, við vitum að það er ekkert grín að komast þangað inn og í raun magnað að sjá tónlist, sem er samkvæmt einhverjum mælistikum merkt sem nútímatónlist, vera stefnt á lista með indí og poppi. Í raun undirstrikar þetta að tónlist er að breytast og landamæri að færast til og jafnvel mást út; á endanum verður þetta bara kannski þannig að við hlustum hreinlega á lög sem við elskum svona til að vísa í NPR-hugmyndina. Þar fyrir utan er auðvitað ólýsanleg tilfinning að sjá að tónlist sem maður ann og hefur þróast með allt frá frumflutningi til upptöku er að hreyfa við fólki og virðist um leið vera innlegg sem þeir, sem hafa spáð í íslenska tónlist, eru mjög spenntir fyrir.“

### Björk og Sigur Rós mikil hjálp

Halla Steinunn segir að velgengni annarra íslenskra tónlistarmanna erlendis hafi auðvitað haft sitt að segja hvað varðar hin jákvæðu viðbrögð sem nýja platan fær. „Auðvitað er maður þakklátur aðilum á borð við Björk og Sigur Rós sem hafa stimplað íslenska tónlist heldur betur inn á alheimskortið. Um leið held ég að ekki margir viti hér heima hvað tónskáld á borð við Önnu Þorvaldsdóttur og Daníel Bjarnason eru að gera frábæra hluti fyrir íslenska tónlist utan landsteinanna og opna þar með ýmsar dyr og kveikja áhuga fólks.“



**„Auðvitað er maður þakklátur aðilum á borð við Björk og Sigur Rós sem hafa stimplað íslenska tónlist heldur betur inn á alheimskortið.**

*Halla Steinunn Stefánsdóttir*

Meðlimir hópsins eru, auk Höllu Steinunnar, Georgia Browne, Guðrún Hrund Harðardóttir, Hanna Loftsdóttir og Guðrún Óskarsdóttir og einkennist starf hópsins af nýstárlegri nálgun og frumleika í verkefnavali. Hann var valinn flytjandi ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum í fyrra og tilnefndur til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs 2013.

Bandaríska fyrirtækið Sono Luminus gefur plötuna út en á henni er að finna verk eftir fimm íslensk tónskáld, þær Önnu Þorvaldsdóttur, Hildi Guðnadóttur, Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur, Hafdísi Bjarnadóttur og Þuríði Jónsdóttur. Platan var tekin upp af Georg Magnússyni og um hljóðblöndun og eftirvinnslu sá Valgeir Sigurðsson í Gróðurhúsinu. Halla segir hópinn þegar vera í samningaviðræðum við Bandaríkin um upptökur á næstu plötu haustið 2016.

gunnarleo@frettabladid.is

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



STILLANLEG
## RÚM
25-35%
AFSLÁTTUR

Verðdæmi
C&J stillanlegt heilsurúm
með infinity dýnu 2x80x200 cm.
Fullt verð kr. 558.000 **ÚTSÖLUVERÐ KR. 390.600**

**REYKJAVÍK | AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR | REYKJAVÍK | AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR**

# ÚTSALA
# LÝKUR Á LAUGARDAG!
# 20-50%
**AFSLÁTTUR**



MARGAR GERÐIR
**SÆNGUR-FATASETT**
20-50%
AFSLÁTTUR

**REYNIR** heilsurúm
Með Classic botni 160x200 cm.
Fullt verð: 169.900
**ÚTSÖLUVERÐ AÐEINS**
**kr. 99.900**

Serta
WE MAKE THE WORLD'S BEST MATTRESS.™



ANNIVERSARY EDITION
Reynir
**HEILSURÚM**
40%
AFSLÁTTUR AF
160X200 CM

Gafl ekki
innifalinn í verði

Betra BAK
Leggur grunn að góðum degi

**betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**
**Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477**
**Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100**
**Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566**
**Opið virka daga frá kl. 10-18**
**Laugardaga frá kl. 11-16**

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 800 1177



**BAKÞANKAR**
**Viktoríu Hermansdóttur**

# Dauði hugrakka selkópsins

Selkópur sleppur á ævintýralegan hátt úr selalauginni í Húsdýragarðinum. Í skjóli nætur flýr hann úr lauginni, kannski vegna þess að hann veit að innan örfárra daga eru dagar hans taldir. Litli selkópurinn tekur því til sinna eigin ráða og ákveður að stinga af. Hann finnur lítið gat á lauginni, kemst út um það, hoppar í átt að grindverki dýragarðsins þar sem hann finnur aðra litla smugu til að komast út. Hann er kominn út í frelsið! Áfram hoppar hann þar til hann finnur lítinn læk. Þar rennur hann ljúflega niður lækinn, frelsinu feginn enda hefur hann aldrei séð slíka fegurð áður. Þegar lækinn þrýtur hoppar hann í átt að tjöldum við tjaldstæði. Hann er kominn út í heiminn, úr pínulitlu selalauginni og er að kynnast heiminum.

**ÞETTA** hljómar eins og fyrri hluti hugljúfrar Disney-myndar. En þetta er sönn saga selkóps úr Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Reykjavík. Saga sem hreyfði við landsmönnum. Saga sem verður vafalaust sögð aftur og aftur. Sagan af hugrakka selkópnum sem vildi kanna heiminn.

Kópurinn litli, sem heitir ekki neitt því yfirleitt fá kópar garðsins ekki að lifa lengur en til haustsins þar sem þeir enda sem refafóður vegna plássleysis og fá því ekki nafn, var færður aftur í garðinn.

Þar var hlegið að flóttatilraunum hans, sem höfðu svo sannarlega vakið athygli landsmanna á garðinum. Og hvað var gert? Hann var drepinn. Frægasti kópur landsins drepinn daginn eftir rosalegustu flóttatilraun dýrs á Íslandi.

Ég skil vel að það geti ekki öll dýr lifað. Ég skil gang lífsins í „sveitinni“ en halló.

Ef yfirmenn Húsdýragarðsins hefðu þeir eitthvað markaðsvit þá hefðu þeir hlíft lífsglaða selkópnum og nýtt sér frægð hans til þess að fá fleiri gesti í garðinn. Hver einasta manneskja sem ég hitti í gær var að ræða kópinn og fólk var forvitið að fara að sjá þessa hetju. Var ekki allavega hægt að leyfa honum að lifa út sumarið? Börn landsins gráta nú í kór yfir örlögum hugrakka selkópsins. Þetta eru furðuleg vinnubrögð og satt best að segja langar mig lítið til þess að heimsækja garðinn í bráð.




**YFIRBURÐIR**

Fréttablaðsins staðfestir

Höfuðborgarsvæðið, meðallestur á tölublað 18–49 ára. Prentmiðlakönnun Gallup, jan.– mar. 2015



Allt sem þú þarft …

WOWAIR.IS




KATRÍNARTÚN 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS

Verð miðast við flug aðra leið með sköttum, bókunargjald (999 kr.) og töskugjald ekki innifalið.